

Háskóli Íslands
Hugvísindadeild
Bókmenntafræði- og málvísindaskor

Augun mín og augun þín

*Augnatillit með fornafnatilvísunum og í hlutverkaskiptum
í íslenska táknmálinu*

Ritgerð til B.A.-prófs í táknmálsfræði

Kristín Lena Þorvaldsdóttir

Kt.: 130283-3739

Leiðbeinandi: Rannveig Sverrisdóttir

Maí 2007

Ágrip

Augun gegna málfræðilegu hlutverki í táknmálum og er augnatillit með fornaftilvísunum og í hlutverkaskiptum aðeins lítill hluti hegðunar augna. Þar sem rannsóknir á málfræði íslenska táknmálsins eru ekki langt á veg komnar er nauðsynlegt að skoða rannsóknir erlendra fræðimanna á sviði táknmálsfræða. Í fræðilegri umfjöllun um efnið eru fornaftilvísanir í erlendum táknmálum skoðaðar með sérstakri áherslu á augnatillit. Því næst er hugtakið hlutverkaskipti útskýrt og augnatillit í hlutverkaskiptum skoðað í framhaldi af því. Þá hefur verið lagður grunnur að rannsókn sem miðar aðeins að augnatilliti með fornaftilvísunum og í hlutverkaskiptum í íslenska táknmálinu. Að lokum er rannsóknin borin saman við rannsóknir erlendra fræðimanna og nánar litið á hvort hægt sé að finna sambærilega þætti milli íslenska táknmálsins og annarra táknmála. Rannsóknin er ekki umfangsmikil en gefur þó ágæta mynd af því hvernig augnatilliti með fornaftabendingum og í hlutverkaskiptum er háttað í íslenska táknmálinu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að augnatillit í íslenska táknmálinu líkist einna helst augnatilliti í danska táknmálinu. Vitað er að bendingar í íslenska táknmálinu sýna ekki kyn vísimiða en hingað til hafa engar rannsóknir verið gerðar á persónu bendinga í íslenska táknmálinu. Erlenda fræðimenn greinir á um hvort persónur í táknmálum séu tvær eða þrjár og hvort augnatillit geti greint á milli persóna. Af niðurstöðum þessarar rannsóknar að dæma eru persónur í íslenska táknmálinu aðeins tvær líkt og fram kemur í rannsóknum á danska og ameríska táknmálinu (Engberg-Pedersen 1995 og Meier 1990) en ekki þrjár líkt og í íslensku. Niðurstöður rannsóknarinnar á augnatilliti í hlutverkaskiptum eru keimlíkar niðurstöðum rannsóknar Engberg-Pedersen (2003) á augnatilliti í hlutverkaskiptum í danska táknmálinu en tákningar sýna hlutverkaskipti með augnatilliti á fjóra vegu. Hins vegar fundust dæmi þess að tákningar fylgdu ekki reglunni um að rjúfa augnsamband við áhorfendur á meðan þeir eru í hlutverki sögupersónu og gæti það verið merki um sérstæði augnatillits í hlutverkaskiptum í íslenska táknmálinu.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Hegðun augna.....	5
2. Táknrými.....	7
2.1. Svið	7
2.2. Hólf	8
3. Vísanir í hólf	11
3.1. Endurvísun og bendivísun.....	11
3.2. Bendingar í hólf	12
3.2.1. Fornafnabendingar	13
3.2.2. Augnatillit með bendingum í rými.....	17
3.2.3. Augnatillit sem bending	17
4. Hlutverkaskipti	20
4.1 Bein og óbein ræða	21
4.2. Skilgreining á málfræðihugtakinu hlutverkaskipti	22
4.3. Augnatillit í hlutverkaskiptum.....	24
5. Rannsókn á augnatilliti með fornafnatilvísunum og í hlutverkaskiptum í íslenska táknmálinu.....	27
5.1. Aðferð og úrvinnsla gagna	27
5.1.1. Umritun	28
5.2. Staðsetningar og vísanir í táknrými	29
5.3. Fornafnabendingar ásamt augnatilliti	31
5.4. Augnatillit sem bending	36
5.5. Augnatillit í hlutverkaskiptum.....	37
6. Umræða um niðurstöður	40
Lokaorð.....	42
Heimildaskrá	43
Viðauki 1	47
Viðauki 2	48
Viðauki 3	49
Viðauki 4	50
Viðauki 5	51

Inngangur

Augun mín og augun þín er fyrsta ljóðlínan úr Vísum Vatnsenda-Rósu, þessi ljóðlína vísar ákaflega vel til umfjöllunarefnis ritgerðarinnar þó skáldið Rósa Guðmundsdóttir hafi ort þetta í öðrum tilgangi. Augun gegna veigamiklu hlutverki í táknmálum ekki aðeins vegna þess að táknmáli er miðlað í gegnum sjón heldur gegna augun málfræðilegu hlutverki. Augnsamband er grundvöllur samskipta á táknmáli en undantekningar á því eru málfræðilegs eðlis og eiga þær undantekningar aðeins við þann sem talar hverju sinni. Málfræðilegt hlutverk augna er afar fjölpætt og einblína flestar rannsóknir á einstaka þætti hegðunar augna. Hér verður því aðeins farið í hluta hins merka málfræðihugtaks *augnatillit*¹ og skoðað hvernig því er háttað með fornafnatílvísunum og í hlutverka-skiptum. Titillinn vísar því í báða þessa þætti, annars vegar persónufornöfn og hins vegar það þegar táknnari fer í hlutverk sögupersóna í málfræðilegum tilgangi.

Þar sem rannsóknir á táknmálum eru ekki eins langt á veg komnar og rannsóknir á raddmálum hafa margir fræðimenn á sviði táknmálsfræða borið málfræði táknmála saman við málfræði raddmála. Það getur þó verið varasamt að gefa sér fyrir fram að málfræðilegir þættir táknmáls séu sambærilegir málfræðilegum þáttum raddmáls. Táknmálum og raddmálum er miðlað á ólíka vegu og táknmál eru sjálfsprottin mál líkt og raddmál. Málfræði eins máls getur þó verið ágætis tæki til að geta skilið málfræði annars en þegar sá skilningur hefur náðst er mikilvægt að endurskoða hvort einhverjir þættir gætu verið einstakir og óskyldir samanburðarmálinu. Því fleiri rannsóknir sem gerðar eru á táknmálum þeim mun auðveldara verður að skoða málfræði þeirra í samanburði við önnur táknmál. Í fræðilegum hluta er því aðallega farið yfir kenningar erlendra

¹ Orðið augnatillit er mín þýðing á enska orðinu *eye gaze* og verður framvegis notað yfir það hugtak, það er yfirheiti á kenningum um hvert horft er í frásögnum. Samkvæmt íslensku hugtaka orðabókinni Orðaheimur felur orðið augnatillit í sér augnhreyfingar, skerpingu á athygli og augnsamband (Jón Hilmar Jónsson 2002:24). Í táknmálsheiminum hér á Íslandi hefur mikið verið rætt um hvaða orð skuli velja yfir þetta fyrirbæri, þeirra á meðal eru orðin augnátt, augnaráð og augnstefna. Ég tel orðið augnaráð vera undirheiti augnatillits, orðin augnstefna og augnátt geta ekki verið yfirheiti augnaráðs. Þessi orð tel ég ekki lýsa fyrirbærinu nógu vel. Þar sem orðabókarskýringin tekur á flestu því sem erlendir fræðimenn telja að *eye gaze* standi fyrir þá tel ég augnatillit lýsandi og gott íslenskt orð fyrir þetta fyrirbæri.

fræðimanna á sviði táknafræða², einna helst rannsóknir á augnatilliti en einnig verða skoðuð sambærileg málfræðiatríði úr íslensku svo lesendur sem ekki þekkja til táknafræði geti glöggvað sig betur á málfræði þeirra. En erja má jörð er ávöxt skal bera. Því verður að leggja grunn að rannsókn á augnatilliti með fornafnatilvísunum og í hlutverkaskiptum og með því að gera grein fyrir helstu atriðum fornafnatilvísana og hlutverkaskipta í táknafræðum áður en hafist er handa við rannsókn á augnatilliti í umhverfi þessara þátta. Augnatillit með fornafnatilvísunum og í hlutverkaskiptum er að finna í erlendum rannsóknum í táknafræðum og verða þær rannsóknir bornar saman við athugun á sömu þáttum í frásögnum á íslenska táknafræðum. Að lokum verður gefinn gaumur að því hvort málfræðiatríði sem koma fram í íslenska táknafræðum falli að erlendum kenningum og hvort einhver atriði gætu hugsanlega verið séríslensk.

² Einna helst kenningar um ameríska og danska táknafræði.

1. Hegðun augna

Augnsamband er grundvöllur samskipta á táknmáli, það gefur auga leið að samtalið gengur ekki upp ef viðmælandi horfir ekki á tákna. Þó eru ýmsar undantekningar á þessari samskiptareglu en þær undantekningar eiga allar við um tákna. Táknari getur rofið augnasamband við viðmælanda í málfræðilegum tilgangi (Engberg-Pedersen 1999:1-2, 2003:279). Augu gegna fjölbreyttu málfræðilegu hlutverki í táknmálum og merkja þau mismunandi málfræðiatríði allt eftir því í hvaða samhengi hegðun þeirra kemur fyrir. Hegðun augna þarf ávallt að skoða í samhengi við hreyfingar höfuðs og líkama og þetta þrennt er aðeins hægt að túlka með tilliti til tákna (Engberg-Pedersen 2003:289). Ekki er langt síðan þessum hluta táknmálsins var fyrst gefinn gaumur, áður var talið að hegðun augna væri að mestu leyti tilviljanakennd og hafði enginn leitt hugann að því að þau gætu gegnt málfræðilegu hlutverki. Það var á ekki fyrr en á árunum 1976-1978 sem fyrstu rannsóknir voru gerðar á hlutverki augna og svipbrigða í andliti. Á þessum tíma vann kona að nafni Carol A. Padden að rannsókn á samtölum á ameríska táknmálinu. Hún skoðaði myndbandsupptökur af samtölum heyrnarlausra en á upptökunum sáust ekki öll þau tákni sem tákningar notuðu. Padden skildi þó flest allt sem rætt var um í þessum samtölum og hlaut hún því að fá málfræðilegar upplýsingar annars staðar en frá táknum einum saman. Þessi uppgötvun varð, ásamt öðru, kveikjan að rannsóknnum hennar og fleiri á látbrigðum³ (Baker & Padden 1978:28). Á undanförunum árum hafa svo enn fleiri erlendir fræðimenn bæst í hóp þeirra sem rannsakað hafa hlutverk augna. Þar sem táknmál heimsins eru ólík hvert öðru þá eru niðurstöður fræðimanna ekki þær sömu, þó eru allir sammála því að augun gegni málfræðilegu hlutverki.

Málfræðilegt hlutverk augna er fjölþætt, flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið á hlutverki augna í táknmálum einblína aðeins á einstaka þætti þess og er hver rannsókn aðeins miðuð við táknmál einnar þjóðar. Sumir fræðimenn fjalla um hegðun augna í framhaldi af rannsóknnum á öðrum málfræðiatríðum og aðrir fjalla lítilega um augu í umfjöllun sinni um málfræði táknmáls í heild sinni. Eftirfarandi upptalning er ekki tæmandi en gefur þó góða mynd af því hversu fjölþætt hlutverk augna er. Augun geta gegnt hlutverki *með bendingum í rými, þ.m.t. fornafnabendingum* (Baker-Shenk &

³ *e. nonmanual components*

Cokely 1981, Engberg-Pedersen 1993, 1995, 2003, Liddell 1995, 2003, Lillo-Martin & Klima 1990, Meier 1990, Metzger 1998, Neidle ofl. 2000, Sutton-Spence & Woll 2004, Valli & Lucas 2000), *sem fornafnabendingar* (Baker & Padden 1978, Baker-Shenk & Cokely 1981, Engberg-Pedersen 1993, 1995, 1999, 2003, Liddell 2003, Metzger 1998, Neidle ofl. 2000, Valli & Lucas 2000), *sem fastur hluti tákna* (Baker-Shenk & Cokely 1981, Sutton-Spence & Woll 2004), *til að marka skil milli setninga og efnis-greina* (Bahan & Supalla 1995, Baker & Padden 1978, Engberg-Pedersen 1999, 2003, Wilbur 1994), *í spurningum* (Baker-Shenk & Cokely 1981, Sutton-Spence & Woll 2004, Vogt-Svendsen 1990), *í stjórnun samtals*⁴ (Luciano 2001, Martinez 1995, Valli & Lucas 2000, Vogt-Svendsen 1990), *til að merkja tíma* (Engberg-Pedersen 2003, Sutton-Spence & Woll 2004), *með sögnum*⁵ (Baker-Shenk & Cokely 1981, Bergman & Wallin 2003, Meier 1990, Neidle ofl. 2000, Padden 1986, Valli & Lucas 2000), *til að merkja hólfa* (Baker-Shenk & Cokely 1981, Engberg-Pedersen 1993, 1995, 2003, Liddell 1995, 2003, Lillo-Martin 1995, Lillo-Martin & Klima 1990, Mather & Winston 1998, Padden 1986, Winston 1995) og *í hlutverkaskiptum í samtölum eða frásögnum* (Ahlgren 1990, Bahan & Supalla 1995, Baker & Padden 1978, Baker-Shenk & Cokely 1981, Engberg-Pedersen 1993, 1995, 1999, 2003, Liddell 1995, 2003, Lillo-Martin 1995, Lillo-Martin & Klima 1990, Mather & Winston 1998, Meier 1990, Padden 1986, 1990, Poulin & Miller 1995, Rayman 1999, Sutton-Spence & Woll 2004, Valli & Lucas 2000, Vogt-Svendsen 1990, Winston 1995). Einnig hefur merking þess að *píra augu og lyfta augabrúnum* verið rannsökuð (Baker-Shenk & Cokely 1981, Engberg-Pedersen 1990).


Hér eftir verður aðeins fjallað um augnatillit með fornafnatílvísunum og í hlutverkaskiptum og sá þáttur skoðaður með hliðsjón af íslensku táknmáli. En til þess að geta fjallað um augnatillit með fornafnatílvísunum og í hlutverkaskiptum verður að byrja frá grunni. Því verður einnig farið nánar út í myndun sviðs og hólfa, hlutverkaskipti, fornöfn og vísanir.

⁴ *e. turn taking.*

⁵ Venjulegum sögnum, áttbeygðum/venslasögnum og próformasögnum. Áttbeygðar sagnir sýna vensl við frumlag og andlag. Próformasagnir geta verið heilar setningar, þær innihalda próform sem vísar í frumlagið og umsögn um frumlagið (Rannveig Sverrisdóttir 2006). Próform er handform sem vísar til útlits þess sem um er rætt (Rannveig Sverrisdóttir 2005c).

2. Táknrými

Táknmál er sjónrænt mál sem nýtir rými til myndunar setninga. Táknrými kallast svæðið fyrir framan táknara og innan þess rýmis myndar hann setningar. Táknrýmið er eins konar ímyndaður hálfhringur og nær það frá líkama táknara og eins langt frá honum og hendur hans ná eða að viðmælanda (sjá mynd 2.1.). Innan táknrýmis býr táknari til svið og staðsetur vísimið⁶ í hólf.



Mynd 2.1. Táknrými⁷

2.1. Svið

Innan táknrýmis er hægt að búa til svið og staðsetja hlutlæg og huglæg atriði á því. Á sviðinu eru meðal annars staðsettir hlutir, persónur og staðir og er sviðið er í raun eins og kort af svæði þar sem einhver atburður átti sér stað eða mun eiga sér stað (Mather & Winston 1998:183 og Baker-Shenk & Cokely 1981:228). Ef táknari segir frá einhverju sem er staðsett, gerðist eða mun gerast í því raunverulega rými sem hann er sjálfur staðsettur í þá notar hann þær staðsetningar og vísar í þær. Ef hann hins vegar segir frá einhverju sem gerðist eða mun gerast í öðru rými en því sem hann er í þá setur hann upp svið í táknrýminu. Raunverulegar staðsetningar eru í fyrirrúmi, þ.e. ef staðsetningar eru til í raun og veru (þó táknari sé ekki staðsettur í þeim) þá notar táknari þær þegar hann

⁶ *e. referent*. Samkvæmt ensk-íslenskri tölvuorðabók merkir orðið; það sem skírskotað er til eða viðmið (Matthías Magnússon 2003). Við þýðingu á orðinu er notast við fyrri skýringuna því þar sem framvegis verður fjallað um vísanir þá er eðlilegra að það sem vísað er í kallist vísimið fremur en viðmið.

⁷ Myndin er upphaflega frá Lillo-Martin & Klima 1990:192 en henni hefur verið breytt eilítið.

býr til sviðið. Afstaða hluta í rýminu hverra til annarra verður að vera rétt miðað við raunverulega rýmið og ef atburðarásin færir sviðið til þá verður allt sviðið að snúast því afstaða t.d. hluta sem staðsettir hafa verið á sviðinu verður eftir sem áður að vera sú sama (Baker-Shenk & Cokely 1981:228 og Mather & Winston 1998:183). Ef tákni segir til að mynda frá einhverju sem gerist í umhverfi bygginga sem eru á ákveðnu svæði í raunveruleikanum, þá staðsetur hann byggingarnar þannig að afstaða þeirra sé eins og hún er í raunveruleikanum og getur síðan sagt frá atburði sem gerðist í því umhverfi miðað við afstöðu bygginganna. Eins og sést á myndum 2.1. og 2.2. í viðauka 2 snýst sviðið með atburðarásinni.


Sviðið auðveldar viðmælendum að skilja frásögn tákna og eru vísimiðin til þess fallin að endurvekja það sem liggur að baki þeim svo tákni þurfi ekki að endurtaka heilu nafnliðina aftur og aftur. Fjöldi þeirra atriða sem tákni setur á sviðið er í raun ótakmarkaður, en því fleiri sem atriðin eru þeim mun erfiðara er það fyrir viðmælandann að muna allt sem staðsett hefur verið á sviðinu (Mather & Winston 1998:183).

2.2. Hólf

Hólf eru staðsett í táknrýminu líkt og svið og eru þau í raun staður þar sem vísimið eru staðsett í ímynduðu rými. Hólfín hafa ekki neinn ákveðinn stað á hinu eiginlega sviði (Mather & Winston 1998:183 og Engberg-Pedersen 2003:270). Vísimiðum er gefið hólf svo hægt sé að vísa í þau aftur, t.d. með hlutverkaskiptum eða með bendingu sem stendur þá fyrir fornafn (Liddell 1995:27). Ef vísimið eru á staðnum þá er vísað beint í þau, þeim er þá ekki gefið hólf í ímynduðu rými. Vísimið getur verið nafnorð, t.d. persóna, hlutur eða staður, jafnvel tímabil, hugmyndir eða kenningar (Baker-Shenk & Cokely 1981:223 og Engberg-Pedersen 2003:270). Ekki fær allt sem tákni talar um hólf. Persónur og staðir eru þó líklegri til að fá hólf en hugmyndir og vonir. Það sem tengist bæði tákna og viðmælanda er líklegra til að fá hólf en tilviljanakennd umræða sem tengist aðeins öðrum aðilanum eða hvorugum (Engberg-Pedersen 2003:270). Hólfín eru gefin vísimiðum á ýmsa vegu; tákni getur táknað nafnorð (sérnafn eða samnafn) og bent síðan í rýmið þar sem hann vill staðsetja vísimiðið, hann getur táknað nafnorðið og horft samtímis þangað sem hann staðsetur vísimiðið (Baker-Shenk & Cokely 1981:232),

hann getur táknað nafnorðið á ákveðnum stað í rýminu, jafnvel skipt um virka hönd svo nafnorðið sé myndað sem næst því rými þar sem staðsetja á vísimiðið (Winston 1995:92) og hann getur horft á stað í rýminu og bent síðan á hann áður en hann greinir frá því hver á hólfið (Engberg-Pedersen 1995:146). Að auki getur táknnari notað svokallaðar áttbeygðar sagnir, sögnin sýnir geranda og þolanda (sýnir vensl við frumlag og andlag) samtímis sögninni (sjá t.d. Rannveigu Sverrisdóttur 2005a:15-16). Ef aðstæður sem táknnari lýsir eru ekki eða munu ekki verða raunverulegar eða hann veit ekki hvernig staðsetningar voru í viðkomandi aðstæðum þá ákveður hann sjálfur hvar staðsetja skuli vísimiðið. Ef táknnari átti, við raunverulegar aðstæður, samtal við tvo aðila, annan sem stóð fyrir framan hann og hinn sem stóð vinstra megin við hann, þá staðsetur hann þá þannig í rýminu þegar hann segir frá atburðinum/samtalinu (Baker-Shenk & Cokely 1981:223-224 og Padden 1986:47). Þegar vísimiðið hefur verið staðsett þá er ávallt vísað í þá staðsetningu þegar vísa á í vísimiðið, nema vísimiðið hafi verið fært í tengslum við atburðarás frásagnar. Ef viðmælandi tekur til máls þá notar hann hólfin sem hafa verið staðsett ef hann vísar í eitthvert vísimiðanna (Baker-Shenk & Cokely 1981:227-228).


Fræðimenn eru ekki sammála því hversu mörg hólfin mega vera. Sumir segja að þau megi vera óteljandi en aðrir segja að þau megi bara vera tvö. Baker-Shenk & Cokely (1981) halda því fram að vísimiðin/hólfin í ameríska táknmálinu geti verið allt að því sex talsins og þá eru þrjú þeirra staðsett vinstra megin við táknnara og þrjú hægra megin (Baker-Shenk & Cokely 1981:224-227).




Mynd 2.2.1. Sex vísimið⁸

⁸ Myndin er frá Baker-Shenk & Cokely 1981:227. Texti hefur verið þýddur á íslensku.

Carol Padden (1986) segir að hólfín sé aðeins tvö í ameríska táknmálinu, táknari geti myndað hólf með því að færa efri hluta líkamans fram og aftur eða til hægri og vinstri, fætur hans hreyfast ekki (sjá mynd 2.2.2. hér að neðan). Hún segir að það sé útilokað að blanda þessu tvennu saman, að það sé til dæmis ekki hægt að hafa hólfín til vinstri og fram, fyrir tvær persónur í sömu frásögn (Padden 1986:158-162). Samkvæmt Engberg-Pedersen (1995) er hólfum í danska táknmálinu raðað í hálfhring fyrir framan táknara (Engberg-Pedersen 1995:148). Sjá mynd 2.2.3. hér að neðan.



Mynd 2.2.2.⁹



Mynd 2.2.3.¹⁰

⁹ Myndin er upphaflega fengin frá Lillo-Martin & Klima 1990:193 en henni hefur verið breytt.

¹⁰ Örvarnar merkja bendingar og vísa þær í átt að ímynduðum vísimiðum í hólfum. Myndin er fengin frá Lillo-Martin & Klima 1990:193, texti hefur verið þýddur á íslensku og nöfnum vísimiða breytt.

3. Vísanir í hólf

Vísanir í hólf gegna hlutverki fornafna og gera það að verkum að táknnari þarf ekki að endurtaka nafnliði í sífellu. Vísanir geta verið annars vegar endurvísanir (*e. anaphoric reference*), sem eiga við vísimið sem eru ekki staðsett í raunverulegu rými, og hins vegar bendivísanir (*e. deictic reference*) sem eiga við vísimið í raunverulegu rými. Vísanir í táknmálum eru í raun bendingar í hólf en táknnari getur bent með vísifingri, með eða án augnatillits, og með augnatilliti einu saman. Vísanir í íslensku fela í sér kyn, persónu og tölu nafnliðar en fræðimenn greinir á um hvort vísanir í táknmálum geri slíkt hið sama.

3.1. Endurvísun og bendivísun

Í íslensku er að finna ýmiss konar vísanir í nafnliði. Svokölluð endurvísun vísar í nafnliðinn sem á undan fer.

Dæmi 3.1.1.

Ólafur veit vel [að **hann** verður að ná árangri] (Höskuldur Þráinsson 2005:516¹¹)

Í dæminu hér að ofan er *Ólafur* nafnliður, oft kallaður undanfari og persónufornafnið *hann* fornafn sem (endur)vísar í nafnliðinn.

Önnur tegund vísunar er svokölluð bendivísun og geta persónufornöfn haft slíka vísun.

„[Ef við] hugsum okkur . . . að A og B sjái út um glugga að hundur ræðst á gamla konu.

Þá gæti annar þeirra sagt við hinn án þess að hundurinn eða konan hefðu komið til tals:

Nei, sérðu! **Hann** ræðst bara á **hana!**“ (Höskuldur Þráinsson 2005:517). Það er greinilegt

hvað átt er við með notkun persónufornafnanna og því er persónufornafnið *hann* bendivísun í hundinn og persónufornafnið *hún* bendivísun í gömlu konuna.

Atviksorð geta einnig verið endurvísanir eða bendivísanir. Til að mynda er staðar-

atviksorðið *þar* endurvísun en staðaratviksorðið *þarna* er bendivísun (Höskuldur Þráinsson 2005:516-519).

¹¹ Feitletrun í dæmum eru hans.

Endurvísanir og bendivísanir eru einnig til í táknumálum. Engberg-Pedersen (1995) lýsir endurvísun í danska táknumálinu þannig að þegar táknnari hefur staðsett vísimið (nafnlið) í táknrýminu þá getur hann endurvísað í það, t.d. með fornafnbendingu. Með bendivísun segir hún hins vegar að vísimið verði að vera á staðnum, það geta verið persónur eða staðir og jafnvel tími, en bendivísun á tíma er óhlutstæð (Engberg-Pedersen 1995:145, Engberg-Pedersen 2003:270 og Rannveig Sverrisdóttir 2005b). Hún segir jafnframt að ekki sé hægt að endurvísa í persónu sem er á staðnum, aðeins hægt að nota endurvísun ef þú staðsetur hana í ímynduðu rými. Ef persóna er í raunverulegu rými þá verður að vísa í hana með bendivísun. Ef táknnari staðsetur viðmælanda sinn sem er í raunverulegu rými á svið þá vísar hann fyrst í hann með endurvísun (í rauninni í merkingunni *hann*) en bætir svo bendivísun við (þá í merkingunni *þú*) (Engberg-Pedersen 1993:105). Þegar endurvísanir eða bendivísanir eru notaðar í táknumáli þarf að nota a) bendingu með vísifingri, b) horfa á hólfi, c) fara í hólfi¹² eða allt þetta þrennt.

3.2. Bendingar í hólfi

Bendingar eru notaðar í margvíslegum tilgangi. Þær eru notaðar sem fornöfn, þ.m.t. persónufornöfn og eignarfornöfn og vísa þær í vísimið í rými. Engberg-Pedersen segir að bendingar í danska táknumálinu vísi á þann sem átt er við á þeim stað sem hann er á eða hefur verið staðsettur í rýminu. Bendingunni er þó vísað að líkama þess sem átt er við ekki á staðinn þar sem hann stendur. Bendingar með höndum eru þó ekki eina leiðin til að benda heldur gegnir augnatillit og afstaða höfuðs og líkama einnig hlutverki í bendingum (Engberg-Pedersen 2003:269-270). Í danska táknumálinu eru tvenns konar bendingar, bendingar sem fornöfn og ákvarðarar og bendingar með sögnum. Þegar bent er í merkingunni fornafn eða ákvarðari þá er vísifingri haldið lárétt, nema vísimið sé fyrir ofan eða neðan táknnara, og honum beint að hólfi vísimiðsins sem fornafnið vísar í. Fornöfn vísa í eitthvað sem áður var sagt en ákvarðarar koma með nafnorði í nafnlið (Engberg-Pedersen 2003:272-273). Bendingar geta líka komið á eftir sögnum og eru í

¹² Nánar verður farið í færslur í hólfi í kafla 4 Hlutverkaskipti.

raun hluti af þeim, með þeim er sýnd staðsetning þess verknaðar sem sögnin vísar til (Engberg-Pedersen 2003:277).

3.2.1. Fornafnabendingar

Persónufornöfn í íslensku eru notuð til að þurfa ekki að endurtaka nöfn og nafnliði (Höskuldur Þráinsson 2005:520). Þessi fullyrðing á vel við persónutilvísanir í táknmálum. Táknara er leyfilegt að endurtaka nafnliðinn en eftir að hann hefur staðsett vísimið í táknrýminu getur hann vísað í þau aftur með bendingu og því er endurtekning nafnliðar óþörf. Þessar bendingar gegna hlutverki fornafnatilvísunar bæði í endurvísunum og bendivísunum.

Dæmi 3.2.1.1.


Tákn: Í-DAG MAÐUR bend-v AFMÆLI, DEM (bend-v) VERA 45 ÁRA
Þýðing: **Maðurinn** á afmæli í dag, **hann** er 45 ára.

Fyrri bendingin í dæminu hér að ofan staðsetur vísimiðið í hólfi vinstra megin við táknara en seinni bendingin er endurvísun í undanfarann MAÐUR. Táknari þarf ekki að endurtaka táknið MAÐUR því viðmælandi veit að hann hefur fengið hólfi og þegar táknari vísar í hólfið veit viðmælandi að átt er við manninn.


Fornafnabendingar í táknmálum greina ekki kyn vísimiða líkt og fornöfn gera t.d. í íslensku. Bendingar í sömu persónu og sömu tölu eru nákvæmlega eins en merking þeirra er mismunandi eftir því í hvaða kyni vísimiðið er. Því væri hægt að skipta út táknið MAÐUR í dæminu hér að ofan og setja inn táknið KONA, setningin breytist ekkert að öðru leyti en merking hennar er önnur, þ.e. hún myndi þýða: **Konan** á afmæli í dag, **hún** er 45 ára. Viðmælandi veit hvers kyns nafnorðið er og því ekki þörf á að endurtaka það þegar vísað er í vísimiðið (sjá t.d. Liddell 2003:26).

Fræðimenn greinir þó á um hvort munur sé á 2. og 3. persónu í táknmálum. Sumir segja að persónurnar séu aðeins tvær, 1. persóna og ekki-1. persóna, þeir skeyta 2. og 3. persónu saman því þeir telja engan mun á þeim (sjá Meier 1990 fyrir ameríska táknmálið og Engberg-Pedersen 1995 fyrir danska táknmálið). Aðrir telja að persónurnar

séu þrjár (sjá Baker-Shenk & Cokely 1981:206-214) líkt og í íslensku og fleiri raddmálum (Höskuldur Þráinsson 1995:218). Sumir fræðimenn segja að augnatillitið greini 2. og 3. persónu í sundur, þ.e. að horft sé á viðmælanda með 2. persónu bendingu en horft á vísimið með 3. persónubendingu. Baker-Shenk & Cokely (1981) segja að í ameríska táknmálinu bendi táknari yfirleitt á það sem hann á við (sjálfan sig, viðmælanda eða hlut í rýminu). Þau telja augnatillit mikilvægt til að átta sig á því hvaða fornafn er notað hverju sinni (Baker-Shenk & Cokely 1981:206). Þau segja einnig að þegar vísimið eru á staðnum og táknari horfir á viðmælanda sinn og bendir á hann, þá merki það persónufornafnið *þú*. Ef táknari horfir á viðmælanda og bendir á annan í rýminu þá merkir það *hann/hún/það* (sjá mynd 3.2.1.1.). Ef táknari talar við þrjá aðila og horfir á hvern og einn um leið og hann bendir á þá, þá merkir það *þú, þú og þú* (sjá mynd 3.2.1.2.). Ef hann hins vegar horfir ekki á þann síðasta heldur annan hinna tveggja á meðan hann bendir á þann þriðja, merkir það *þú, þú og hann/hún/það*. Af þessu má sjá að augnatillitið breytir merkingu fornafnanna (Baker-Shenk & Cokely 1981:206-213).



Mynd 3.2.1.1. Hann/hún¹³



Mynd 3.2.1.2. Þú, þú og þú

Meier (1990) heldur því fram að enginn munur sé á 2. persónu og 3. persónu í ameríska táknmálinu. Hann segir að það sé aðeins munur á 1. persónu og ekki-1. persónu. Rökin sem hann færir fyrir þessari kenningu sinni tengjast meðal annars því hvert fornafnabendingar vísa. Hann segir að í venjulegu samtali sé viðmælandi fyrir framan táknara og því bendi táknari beint fram þegar hann vísar í hann og því væri hægt að ætla

¹³ Myndirnar eru frá Baker-Shenk & Cokely 1981:206-207. Texti hefur verið þýddur á íslensku. Heilu örvarnar merkja bendingu með fingri en punktalínurnar merkja augnatillit.

að bending beint út frá líkama tákna væri 2. persónubending og bending í aðra átt væri 3. persónubending. Hins vegar snúa viðmælendur ekki alltaf hvor að öðrum. Táknari getur átt í samræðum við tvo aðila, annar stendur honum á vinstri hönd og hinn á hægri hönd. Þegar táknari vísar í annan hvorn þeirra í 2. persónu þá bendir hann ekki beint áfram heldur í átt að viðmælendunum sjálfum, þ.e. til hægri eða vinstri, eftir því við hvorn er átt. Ef táknari ræðir við þann sem er honum á hægri hönd og vísar í þann sem er honum á vinstri hönd í 3. persónu þá bendir hann á þann sem er honum á vinstri hönd. Ef hann ávarpar þann sem er honum á vinstri hönd í 2. persónu þá bendir hann líka á hann og því ekki hægt að sjá mun á bendingunni sjálfri, hvort sem um er að ræða 2. eða 3. persónu. Önnur rök Meier tengjast augnatilliti. Hann segir að ef augnsamband við viðmælanda með 2. persónu bendingu er hluti af vísuninni þá gæti það greint á milli 2. og 3. persónu. Hins vegar telur hann augnsambandið frekar vera einkenni samtals fremur en bendivísun sem einkenni persónubendingar, þ.e. að halda augnsambandi við viðmælanda á meðan á samtali stendur. Þessu til stuðnings nefnir hann að táknari horfi einnig á viðmælanda með 1. persónubendingu og þar af leiðandi sé ekki hægt að nota augnatillit sem bendivísun (Meier 1990:185-190).

Liddell (2003) telur rök Meier sannfærandi. Liddell segir að þar sem ekki sé hægt að greina á milli bendinga með 2. og 3. persónu, hvorki með augnatilliti né öðru þá sé þetta aðeins spurning um þýðingu. Raddmálið gæti verið hluti af vandamálinu sem kemur í veg fyrir að fólk sjái hið rétta. Hann telur að Meier sýni með kenningu sinni að persónubendingar greini ekki milli 2. og 3. persónu. Eins og áður hefur komið fram þá greina bendingar ekki milli kynja. Persónur og kyn fornafna tengjast því aðeins þýðingu bendinganna, þ.e. þýðingu viðmælanda á segðinni eða þýðingu yfir á ritmál eða raddmál. Á sama hátt og viðmælendur tákna átta sig á því í hvaða kyni vísimiðin eru þá átta þeir sig fyllilega á því við hvern er átt og í hvaða persónu bendingin er, þó að bendingin sýni það ekki (Liddell 2003:23-26).

Engberg-Pedersen (1995) skoðaði persónufornafnabendingar og komst hún að þeirri niðurstöðu að persónurnar væru aðeins tvær í danska táknmálinu, 1. persóna og ekki-1. persóna. Þar með útilokar hún að augnatillit aðgreini 2. og 3. persónu. Hún segir líkt og Meier (1990) að augnsamband við viðmælanda geti gegnt öðrum málfræðilegum hlutverkum en sem aðgreining persónufornafna. Til dæmis er tákna skylt að mynda

augnasamband við viðmælanda þegar hann spyr hann að einhverju og samkvæmt Engberg-Pedersen rýfur hann ekki það augnasamband þó að hann spyrji viðmælanda sinn að einhverju sem snýr að þriðja aðila, þ.e. táknnari bendir á 3. persónu í raunverulegu eða ímynduðu rými en horfir ekki á vísimiðið heldur viðmælanda. Hún segir jafnframt máli sínu til stuðnings: „Í beinni ræðu er ekki hægt að benda á raunverulegan viðmælanda til að vísa í upprunalegan viðmælanda í merkingunni þú. . Þegar bent er á raunverulegan viðmælanda er ávallt átt við raunverulegan viðmælanda. Af þessu leiðir að 2. persónufornafn er ekki til í danska táknmálinu heldur er aðeins gerður greinarmunur á 1. persónu og ekki-1.persónu¹⁴“ (Engberg-Pedersen 1995:137-138).

Metzger (1998) gerði rannsókn á augnatilliti og tengslum þess við fornaftilvísanir í frásögnum á ameríska táknmálinu. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu að táknnari horfði afar sjaldan á viðmælanda með 1. persónubendingu en yfirleitt alltaf með 2. persónubendingu. Táknnari getur ekki horft á sjálfan sig með 1. persónu og eru þessar tvær persónur því aðgreindar með augnatilliti, frá viðmælanda (1. persóna) og á viðmælanda (2. persóna). Augnatillit með 3. persónubendingu virðist ekki frábrugðið augnatilliti með 2. persónu, þ.e. táknnari horfir á viðmælanda með báðum persónum (Metzger 1998:173-176). Þessar niðurstöður renna stoðum undir þá kenningu Meier (1990) um ameríska táknmálið að ekki sé hægt að greina á milli 2. og 3. persónu. Hins vegar sýnir rannsókn Metzger (1998) fram á að munur sé á augnatilliti milli 1. persónu annars vegar og 2. og 3. persónu hins vegar og því eigi að vera hægt að nota augnatillit sem bendivísun (Metzger 1998:177).

Þó svo fræðimenn séu ekki sammála um það hvort persónurnar séu tvær eða þrjár talsins þá telja margir að hægt sé að benda með augnum einum saman (sjá kafla 3.2.3.).

¹⁴ It is not possible to use a pointing gesture directed at the actual receiver to refer to the original receiver in reported speech in the way it is possible to use the second person pronoun *you* to refer to the original receiver. . .A pointing gesture directed at the actual receiver always refers to the actual receiver. In conclusion, there is no second person pronoun in Danish Sign Language, but distinction between first person (1.p) and non-first person (PRON) in pronouns.

3.2.2. Augnatillit með bendingum í rými

Þó að fræðimenn séu ekki sammála um merkingarlegt gildi augnatillits með fornafna-bendingum þá fylgir augnatillit oft bendingum á vísimið í rými, táknnari horfir þá á hólft samtímis bendingunni. Þetta augnatillit getur þó gegnt öðrum hlutverkum en að aðgreina persónu vísimiða, táknnari getur til að mynda notað það til að staðfesta hólft vísimiðs fyrir viðmælanda og til að láta viðmælanda vita að það sem á eftir fer séu orð þess sem er staðsettur í hólftinu. Hólft í danska táknnmálinu eru oft sýnd með augnatilliti, þá lítur táknnari snöggt á hólft í rýminu áður en hann bendir á hólftið til að tileinka það einhverjum (Engberg-Pedersen 1995:146). Hólft í danska táknnmálinu eru einnig til að halda utan um vísimið, táknnari getur litið snöggt á hólft til að minna viðmælanda á það hver sé í því hólfti. Þegar táknnari staðsetur vísimið í hólftið þá bendir hann þangað og horfir samtímis bendingunni. Þegar hann ætlar að vísa í vísimiðið í beinni ræðu horfir hann snöggt á hólftið áður en hann byrjar beinu ræðuna. Þetta gefur þó ekki til kynna að eftirfarandi sé út frá sjónarhorni vísimiðs heldur er táknnari aðeins að minna viðmælanda á hver sé í hólftinu og að það sem á eftir fer séu orð vísimiðs en ekki táknnara. Augnatillitið er yfirleitt látið nægja en þó kemur það fyrir að táknnari bendi einnig á hólftið með höndum. Þetta augnatillit í átt að hólfti kemur fyrir á undan umsagnarlið eða nafnlið með vísun í viðkomandi eða með fornafni (Engberg-Pedersen 2003:282-285).

3.2.3. Augnatillit sem bending

Þegar talað er um að benda með augunum er átt við að bendingu með fingri sé sleppt og táknnari horfi á það sem hann vísar í. Augnatillit getur einnig komið samtímis bendingu en eins og sjá má af umræðunni hér að ofan þá eru ekki allir fræðimenn á þeim buxunum að augnatillitið gegni sérstöku hlutverki samtímis fornafnabendingum.

Engberg-Pedersen (1999) telur að einn af þeim fimm þáttum sem hún hefur dregið saman um hegðun augna sé að benda með augunum.¹⁵ Samkvæmt henni er hin dæmi-gerða bending með augunum í átt að hólfti, hún er mjög stutt og birtist með nafnorði, fornafni eða rétt á undan umsagnarlið. Táknnari lítur þá snöggt á hólft á undan eða

¹⁵ *e. reference tracking eye gaze.*

samtímis nafnorði í byrjun setningar eða með fornafni í lok setningar. Þegar bent er með augum er ekki verið að líkja eftir neinum í samtali heldur getur viðmælandi áttað sig á því eftir hverjum eftirfarandi segð er höfð (Engberg-Pedersen 1999:2-4). Baker & Padden (1978) komust að því að í ameríska táknmálinu gegni augnatillit í átt að vísimiði í rými hlutverki fornafnatilvísunar (Baker & Padden 1978:28). Baker-Shenk & Cokely (1981) segja að hægt sé að benda með augunum einum saman. Þau segja að augnatillitið geti eitt og sér breytt merkingu fornafns, þ.e. að augnatillitið sé fornafn þó svo engin tákn fylgi. Yfirleitt fylgir þessu þó að augabrúnum er lyft og höfði er lyft eða því hallað í átt að vísimiðinu. Táknari getur horft á viðmælanda sinn en litið svo í hólfi vísimiðs í merkingunni *hann/hún/það*. Þau segja þetta þó yfirleitt notað ef táknari vill vera nærgætinn og vill ekki að aðrir en viðmælandi sjái um hvern hann talar. Þau telja einnig að bendingar með augum sé einnig hægt að nota með 2. persónu og segja þau það mjög algengt í ameríska táknmálinu að táknari kinki kulli til viðmælanda með spurnarsvip. Dæmið sem þau gefa sýnir bæði 3. persónu og 2. persónu.

Dæmi 3.2.3.1.¹⁶

(gaze, head tilt to rt) ____q
WANT PLAY #OK

Táknari lítur til hægri á vísimið sem er á staðnum í merkingunni *hann* (3. persóna), síðan myndar hann augnsamband við viðmælanda og táknar WANT PLAY. Að lokum lítur táknari með spurnarsvip á viðmælanda þegar hann táknar #OK. Augnatillitið merkir fornöfnin í setningunni og gerir það að verkum að setningin merkir: *He want's to play, is that ok with you?*¹⁷ (Baker-Shenk & Cokely 1981:214).

Þau segja jafnframt að það sé hægt að staðsetja vísimið í rými með því að horfa þangað sem á að staðsetja vísimið á meðan maður gerir táknið fyrir það eða stafar nafn þess (Baker-Shenk & Cokely 1981:232).

¹⁶ Umritun á hegðun augna er skráð fyrir ofan umritun tákna. Umritunartáknið q merkir spurnarsvip og umritunartáknið # merkir fingrastöfun.

¹⁷ Hann langar að leika, er það í lagi þín vegna?

Liddell (2003) telur einnig að hægt sé að benda með augunum í ameríska táknumálinu. Hann nefnir dæmi um mann sem segir frá því að hann hafi staðið á plani og á því plani hafi verið fullt af bílaleigum. Hann stafar nöfn bílaleiganna og á sama tíma horfir hann á ákveðna staði í rýminu og hefur þar með gefið þeim hólfa á sama tíma og hann stafar nöfn þeirra. Hann þarf ekki að benda heldur staðsetur hann bílaleigurnar í rýminu með augunum einum saman. Eftir að þær hafa verið staðsettar getur hann vísað í þær með augunum eða með bendingum á hólfin þeirra (Liddell 2003:287-289 og 321).

4. Hlutverkaskipti

Orðið *hlutverkaskipti* gæti valdið misskilningi því það er að öllu jöfnu notað þegar leikarar „sýna tiltekna persónu í leikriti“ (Árni Böðvarsson 1996:387), einnig er talað um að einhver gegni ákveðnu hlutverki eða taki við hlutverki einhvers annars og hafi þar með skipt um hlutverk (Jón Hilmar Jónsson 2001:244). Heitið á hugtakinu hefur mikið verið gagnrýnt í greinum fræðimanna á sviði táknmálsfræði þar sem margir telja að málfræði-hugtakið yfir þetta fyrirbæri verði að vera með öllu óskýlt því leikhúsfræðilega. Ýmis önnur heiti hafa verið nefnd yfir þetta hugtak og mætti þar helst nefna vísanaskipti¹⁸ (Engberg-Pedersen 1993 og Poulin & Miller 1995) og hólfaskipti¹⁹ (Engberg-Pedersen 1993). Íslenska þýðingin á hugtakinu hefur hingað til verið hlutverkaskipti og lýsir hún þessu fyrirbæri ágætlega. Mörg orð íslenskunnar eru notuð yfir tvo eða fleiri ólíka hluti en valda sjaldnast misskilningi sökum tengsla við orð umhverfis þau. Orðið *einkunn* er dæmi um slíkt orð, merking þess er annars vegar vitnisburður um frammistöðu í skóla (Árni Böðvarsson 1996:168) og hins vegar er það málfræðilegt hugtak sem stendur fyrir fallorð sem stendur með öðru fallorði og einkennir það (Björn Guðfinnsson 1943:19 (tilvitnað eftir Höskuldi Þráinssyni 2005:309)). Þessar merkingar orðsins *einkunn* eru náskyldar en eru notaðar í ólíku samhengi. Merking orðsins hlutverkaskipti er því svipuð þessu, hlutverkaskipti í leikhúsum eru náskyld hlutverkaskiptum í táknmáli en í ólíku samhengi merkja þau annars vegar leikræna tjáningu og hins vegar málfræðilegt hugtak. Framvegis verður því notað hugtakið hlutverkaskipti í síðari merkingu þess.

¹⁸ *e. shifted reference og referential shift.*

¹⁹ *e. shifted locus.*

4.1 Bein og óbein ræða

Ef finna á hliðstæður við hlutverkaskipti í táknum þegar þau eru borin saman við sambærileg málfræðihugtök í raddmálum ber helst að nefna beina og óbeina ræðu sem og raddblæ sögumanns. Þessi atriði gefa til kynna hvort sögumaður er í hlutverki sögumanns eða hvort hann hefur tekið sér hlutverk einhvers annars innan frásagnarinnar.

„Það nefnist bein ræða þegar tekið er orðrétt upp það sem einhver segir“ (Höskuldur Þráinsson 1995:281).

Dæmi 4.1.1.

Jón spurði mig: „Ert þú að fara?“

Undirstrikaði hluti dæmisins hér að ofan sýnir hvernig bein ræða er í íslensku. Skáletraða 1. persónu fornafnið *mig* á við þann sem segir frá en einnig 2. persónu fornafnið *þú* í undirstrikaða textanum. Sögumaður getur í þessu tilviki notað 2. persónu fornafn fyrir sjálfan sig því hann er að segja eitthvað sem annar aðili sagði um hann. Ef sögumaður myndi breyta þessari frásögn í óbeina ræðu yrði viðkomandi að breyta seinna persónu-fornafninu í 1. persónu:

Dæmi 4.1.2.

Jón spurði mig hvort ég væri að fara.

Í óbeinni ræðu eins og hér að ofan verður sögumaður að vísa í sjálfan sig í 1. persónu. Ef hann notar 2. persónu fornafn er viðkomandi að vísa í aðra persónu en sjálfan sig og frásögnin breytist. „Ástæðan [fyrir þessu] er auðvitað sú að bein ræða er höfð beint eftir þeim sem segir orðin sem í henni eru og miðast þá fyrsta, önnur og þriðja persóna við hann. Óbein ræða miðast við þann sem segir frá og fyrsta, önnur og þriðja persóna miðast þá við hann“ (Höskuldur Þráinsson 1995:282).

Raddblær sögumanns gefur einnig til kynna ef um hlutverkaskipti er að ræða. Sögumaður notar sína eðlilegu rödd ef hann er í hlutverki sögumanns en getur síðan breytt rödd sinni eftir því hvaða persóna innan frásagnarinnar talar og út frá hvað sjónarhorni sagan er sögð.

4.2. Skilgreining á málfræðihugtakinu hlutverkaskipti

Hlutverkaskipti eru mikilvæg í frásögnum á táknmáli. Þau sýna þegar táknari fer í hlutverk annarrar persónu og greina á milli persóna í frásögn. Aðgreining persóna í frásögnum verður þeim mun skýrari sem hlutverkaskiptin eru greinilegri.

Þegar hlutverkaskipti eiga sér stað notar táknari þau hólfið sem hann hefur staðsett í rýminu, hann færir líkama sinn inn í hólfið, annað hvort allan líkamann, efri hluta líkamans eða bara höfuðið, hlutverkaskipti eru einnig sýnd með augnatilliti. Þegar táknari segir frá samtali tveggja, annarra en tákna, þá fer hann í hólfið til hægri eða vinstri og horfir í gagnstæða átt (í hólfið á móti). Þegar hann fer aftur í hlutverk tákna/sögumans þá færir hann sig í miðjuna og horfir á viðmælanda (Baker-Shenk & Cokely 1981:274-275). Hlutverkaskipti eru algeng í táknmálum og skipta tákna oft milli sögumans og persóna í frásögn. Tákna fara ekki alltaf líkamann í hlutverkaskiptum heldur sýna þeir hlutverkaskipti með höfuðhreyfingum og augnatilliti. Þegar stærðarhlutföll eða valdaaðstaða persóna í frásögn eru ólík þá sýnir táknari það með líkamanum, höfðinu og augunum. Þegar hann fer í hlutverk þess sem er stærri eða valdameiri þá stendur hann tiltölulega beinn í baki, snýr höfði sínu niður á við og horfir niður í átt að hólfi viðmælanda, þetta getur til að mynda átt við foreldri eða drottningu. Þegar hann fer í hlutverk þess sem er smærri eða valdaminni þá beygir hann sig örlítið, höfuðið vísar upp og hann horfir upp í átt að hólfi viðmælanda, þetta gæti til að mynda átt við barn eða hirðmann drottningar (Ahlgren 1990:172-174, Baker-Shenk & Cokely 1981:273-275, Engberg-Pedersen 1993:108). Táknari getur breytt frásögn sinni þannig að í stað þess að segja móttakanda hvað ákveðin persóna sagði getur hann farið í hlutverk persónunnar og þar með sagt með hvaða hætti hún sagði það. Óbein ræða er mjög algengt frásagnarform í raddmálum en í táknmálum er þessu öfugt farið (Baker-Shenk & Cokely 1981:275).

Frásögn á táknmáli verður mun skýrari ef óbeinni ræðu er breytt í beina ræðu, þ.e. ef táknari fer í hlutverk þeirrar persónu sem sagði upphaflega frá og segir hann söguna úr hólfi hennar. Með hlutverkaskiptum breytist persóna fornafta líkt og í beinni ræðu í raddmálum (Padden 1986:48) líkt og dæmi 4.1.1. og 4.1.2. á bls. 21 hér að ofan sýna.

Þó er ekki talið að hlutverkaskipti, þegar táknnari fer í hólf persónu, merki alltaf beina ræðu. Táknnari getur farið í hólf persónu með færslu á líkama eða höfði og breytt augnatilliti sínu til að sýna geranda verknaðar. Á meðan hann er í hólf vísimiðs þá á allt sem hann gerir við það vísimið (Baker-Shenk & Cokely 1981:272, Ahlgren 1990:173, sjá einnig Engberg-Pedersen 1993:103-106).

Lentz (1986) setti fram þá kenningu að hlutverkaskiptum í ameríska táknmálinu væri hægt að skipta í gráður í táknryminu. Þegar táknnari segir frá annarri manneskju fer það eftir því um hvað hann ræðir hversu mikil færslan er í gráðum. Ef táknnari lýsir útliti einhvers er færslan lítil, hún verður síðan meiri ef hann segir frá orðum eða gjörðum þess sem rætt er um og enn meiri ef tilfinningum eða hugsunum er lýst (Lentz 1986:58). Poulin & Miller (1995) telja að orðið hlutverkaskipti²⁰ vísi til þess að það sé alltaf verið að taka yfir hlutverk einhvers og telja að orðið nái ekki yfir það þegar aðeins sjónarhorn einhvers er sýnt. Þau vilja því heldur nota orðið vísanaskipti²¹ því þau telja það lýsa betur því sem á sér stað í frásögnum táknnara þegar fleiri persónur eiga í hlut. Þau rannsökuðu vísanaskipti í táknmálinu í Quebec í Kanada og nota þau þessa skilgreiningu sína þegar 1. persónu fornafn er notað yfir 3. persónu í frásögn og telja það eiga við þegar sjónarhorn táknnara er ekki viðeigandi í frásögninni. Ef setningu er breytt með vísanaskiptum, breytist í raun ekkert nema sjónarhornið (Poulin & Miller 1995:117-124).

Engberg-Pedersen (1993) er ekki sammála því að skilgreiningin á þessu málfræðiatriði sé eins einföld og margir vilja meina. Hún hefur gert ýmsar rannsóknir á hlutverkaskiptum í danska táknmálinu og að hennar mati þarf að skipta hlutverkaskiptum í þrjá flokka; vísanaskipti, skipti í tjáningaþáttum og hólfaskipti.²² Vísanaskipti eiga aðeins við í beinni ræðu þar sem 1. persónu fornafn er notað fyrir einhvern annan en táknnara, en táknnari getur þó ekki notað annað en 1. persónu fornafn um sjálfan sig. Skipti í tjáningaþáttum eru ekki bundin við beina ræðu en þau eiga við þegar táknnari tjáir, með svipbrigðum eða líkamsstöðu, tilfinningar eða viðhorf annars en sjálfs síns. Athuga verður þó að þetta er túlkun táknnara á viðhorfi og tilfinningum þess sem hann ræðir um. Þessu mætti líkja við tónfall í raddmálum þar sem sögumaður setur ákveðinn tón í rödd sína þegar hann lýsir viðhorfi þess sem hann segir frá. Hólfaskipti eru heldur ekki

²⁰ Vísar bæði í *e. body shift* og *e. role shift*.

²¹ *e. referential shift*.

²² *e. shifted reference, shifted attribution of expressive elements & shifted locus*.

einvörðungu bundin við beina ræðu en þau eiga við þegar hólf tákna, svokallað c-hólf, er notað fyrir annan en tákna eða eitthvað annað hólf en c-hólf er notað fyrir tákna. Tákni getur þannig lánað hólf sitt til að sýna sjónarhorn einhvers annars, algengt er að nota hólf tákna fyrir geranda í frásögn. Þetta á oft við með áttbeygðum sögnum og/eða próformasögnum. Augun ein geta sýnt hólfaskipti, þ.e. tákni getur horft í hólf einhverrar persónu og gefur þar með til kynna að frásögnin í framhaldi sé frá sjónarhorni þeirrar persónu (Engberg-Pedersen 1993:103-106 & Rannveig Sverrisdóttir 2005b).

4.3. Augnatillit í hlutverkaskiptum

Augnatillit eru órjúfanlegur hluti frásagna á táknmáli. Breyting á augnatilliti gefur meðal annars til kynna breytingu á sjónarhorni og breytingu á persónum í frásögn. Bahan & Supalla (1995) gerðu rannsókn á hlutverki augnatillits í frásögnum á táknmáli og notuðust þeir við frásögn á amerísku táknmáli. Þeir höfðu það að marki að komast að því hvort einhver regla lægi að baki augnatilliti og hvort sú regla tengdist setningagerð í frásögnum (Bahan & Supalla 1995:172). Fyrri hluti rannsóknar þeirra beinist að uppbyggingu og setningagerð frásagna á táknmáli. Þar skipta þeir frásögnum upp í nokkra hluta og komast að því að við hverja skiptingu eiga sér stað einhvers konar látbrigði. Þessi látbrigði geta gegnt því málfræðilega hlutverki að marka skil og þar með breytingar á efni. Skilin voru flokkuð í hlé, kink og hegðun augna (Bahan & Supalla 1995:172-178). Ýmsar rannsóknir höfðu verið gerðar á hegðun augna í samtalsaðstæðum, til að mynda gerðu Baker & Padden (1978) rannsókn bæði á blikkum og því hvert tákni horfir í samtali. Þær rannsóknir sem gerðar höfðu verið á hegðun augna voru allar bundnar við samtalsaðstæður. Bahan & Supalla fóru því ótroðnar slóðir því þeir rannsökuðu hegðun augna í frásögnum (Bahan & Supalla 1995:177-178). Rannsókn þeirra leiddi í ljós að til eru þrjár aðalgerðir augnatillits sem marka skil, en þær eru; horft á áhorfendur, augnaráð sögupersónu²³ og horft á hendur. Í frásögnum á raddmáli gegnir augnsamband við áheyrendur ýmsum hlutverkum. Sögumaður þarf að halda augnsambandi meðal annars til að halda hlutverki stjórnanda frásagnar, til að halda áhuga

²³ Augnaráð er hluti af yfirheitinu augnatillit og er notað þegar tákni sýnir augnaráð sögupersónu. Sögupersónur eru persónur í frásögn tákna, orðið persónur verður áfram notað fyrir persónur í fornöfnum.

áheyranda á frásögninni og veita þeim möguleika á að tjá sig um hana. Ætla mætti að hið sama gildi um frásagnir á táknmáli, en hlutverk augnsambands við áhorfendur gegnir mun mikilvægara hlutverki í táknmálum en í raddmálum því í táknmálum er um að ræða sérstakt málfræðilegt hlutverk. Þar merkir breyting á augnatilliti eða rof á augnsambandi hlutverkaskipti²⁴. Í frásögnum á táknmáli þarf sögumaður að halda augnsambandi við áhorfendur til að halda hlutverki sínu sem sögumaður. Ef sögumaður rýfur augnsamband við áhorfendur fer hann úr hlutverki sögumanns og í hlutverk sögupersónu. Hægt væri þá að segja að sögumaðurinn hafi augnaráð sögupersónu og áframhaldandi frásögn er sögð út frá sjónarhorni þeirrar persónu. Í samtalsaðstæðum innan frásagnar fer sögumaður í hólf annarrar persónunnar og horfir á ímyndað hólf hinnar, síðan getur sögumaður fært sig í hólf þeirrar seinni og horft á hólf þeirrar fyrri. Þessi hólf geta verið hvar sem er í táknrýminu en bæði augnaráðið og hólfíð gegna málfræðilegu hlutverki í frásögninni. Þegar táknari horfir á hendur sínar merkir það hvorki að hann sé í hlutverki sögumanns né sögupersónu heldur beinir hann sjónum áhorfenda að frásögninni sjálfri. Breyting frá einu augnatilliti til annars markar skil og er augnatillitið nánast aldrei það sama yfir skil. Öll þrjú atriðin sem Bahan & Supalla nefna gegna mikilvægu málfræðilegu hlutverki í frásögnum á táknmáli og skipta því, eins og gefur að skilja, miklu máli fyrir framgang frásagnar (Bahan & Supalla 1995:178-179).

Engberg-Pedersen (2003) ræðir kenningu Bahan & Supalla í rannsókn sinni. Hún er sammála þeim í meginatriðum en bætir þó við kenningu þeirra út frá rannsóknnum sínum á danska táknmálinu. Hún greinir gerðir augnatillits í fimm hluta en þeir eru; táknari heldur augnsambandi við móttakanda, táknari lítur í átt að hólf í undan umsagnarlið, táknari líkir eftir sjónarhorni þess sem vitnað er í, táknari dregur athygli að formi (út frá sjónarhorni sögumanns eða sögupersónu) og táknari forðast augnsamband (markar skil ef engar aðrar breytingar verða). Engberg-Pedersen segir að með rannsóknnum sínum á danska táknmálinu hafi komið í ljós að táknarar líti ekki aðeins á hendur sínar, eins og Bahan & Supalla vildu fullyrða, heldur geti táknarar einnig litið framhjá höndum sínum. Engberg-Pedersen vildi einnig bæta því við kenningu þeirra að skipta þyrfti þeim hluta þegar

²⁴ Táknari þarf þó, líkt og sá sem flytur sögu á raddmáli, að halda augnsambandi við áhorfendur til að halda áhuga þeirra á frásögninni og gefa þeim færi á að tjá sig. Táknari myndar augnsamband við áhorfendur samtímis myndun nafnorða til að gefa þeim færi á að biðja um nánari útskýringu á þeim (Bergman & Wallin 2003:36-37).

táknari fer úr hlutverki sögumanns yfir í hlutverk sögupersónu í tvennt. Annars vegar að táknari líti í átt að hólfu persónu áður en hún er nefnd og hins vegar þegar táknari líkir eftir sjónarhorni persónunnar og sýnir augnaráð hennar (Engberg-Pedersen 2003:284-285).

5. Rannsókn á augnatilliti með fornafnatilvísunum og í hlutverkaskiptum í íslenska táknmálinu

Ástæða þess að málfræðirannsóknarefni varð fyrir valinu er einna helst sú að málfræði táknmáls er að mörgu leyti ólík málfræði raddmála og rannsóknir á henni tiltölulega nýjar af nálinni. Þar sem málfræði hefur ótal víddir verður að afmarka rannsóknarefnið og er augnatillit afar merkilegur hluti af málfræði táknmáls. Litlar sem engar rannsóknir hafa verið gerðar á þessu fyrirbæri í íslenska táknmálinu og því miðar þessi rannsókn að því að skoða hvort hægt sé að finna sameiginlega þætti milli augnatillits í íslenska táknmálinu og öðrum táknmálum og styðjast þannig við kenningar erlendra fræðimanna á þessu sviði.

5.1. Aðferð og úrvinnsla gagna

Þessi rannsókn er byggð á stafrænu myndefni sem Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra gaf út árið 2003. Myndefnið inniheldur þrjár þjóðsögur, þær eru; Búkolla (7 mínútur og 52 sekúndur), Sagan af Gýpu (11 mínútur og 54 sekúndur) og Átján barna faðir í álfheimum (5 mínútur og 34 sekúndur). Táknarar eru þrjár konur, íslenskt táknmál er móðurmál þeirra allra og eru þær vel þekktir sögumenn í samfélagi heyrnarlausra á Íslandi. Kostirnir við að nota þetta myndefni eru að fjögur ár eru síðan það var gefið út og því gátu táknarar ekki vitað að sögurnar yrðu notaðar til að rannsaka augnatillit með fornafnatilvísunum og í hlutverkaskiptum. Það gerir það að verkum að þeir eru ekki meðvitaðir um þau málfræðiatríði sem skoðuð voru. Þar sem þetta eru frásagnir en ekki samtöl gerir það að verkum að táknarar eru skýrari í máli sínu og var því auðveldara að koma auga á málfræðilega þætti táknmálsins. Einn er þó galli á gjöf Njarðar, þar sem myndefnið er ekki miðað við rannsóknina sjálfa þá reyndist erfitt að finna nægilega mörg dæmi um allt það sem leitað var eftir.²⁵ Sögurnar eru ekki einkennandi fyrir sagnahefð heyrnarlausra því þær eru þýddar úr bókum rituðum á íslensku en þrátt fyrir það eru málfræðilegir þættir til staðar. Þar sem áhorfendur voru ekki á staðnum þegar sögurnar

²⁵ Sama vandamál kom upp við rannsókn Baker og Padden (1978) á samtölum á ameríska táknmálinu.

eru teknar upp myndar tákni augnasamband við myndavélina og er hún í raun ímyndaður viðmælandi í raunverulegum aðstæðum.

Sögurnar voru allar skoðaðar með tölvuforritinu *Windows Media Player* og eru tíma-
setningar allra dæma í texta og viðaukum miðaðar við það forrit. Hver sekúnda var umrituð í sögunum²⁶ og var hegðun líkama, höfuðs og augna kirfilega skráð niður (sjá kafla 5.1.1.). Augnatillit með fornafnabendingum og augnatillit í hlutverkaskiptum var skoðað í öllum sögunum og augnatillit sem bending var skoðað í tveimur þeirra, *Búkollu* (2003) og *Átján barna faðir í álfheimum* (2003).

5.1.1. Umritun

Umritun tákna máls felst í því að skrá niður alla merkingarbæra þætti þess sem sagt er. Samtímis tákni sem tákni myndar með höndum sýnir hann ýmis málfræðiatríði með líkama sínum, höfði, augum, augabrúnum, munni og kinnum. Það er ekki til nein ein leið til að umrita en umritun verður að sýna allt það sem gerist samtímis og eru þessir þættir því ritaðir hver fyrir ofan annan (sbr. Metzger 1998, Engberg-Pedersen 1993). Þar sem þessi rannsókn einblínir á hegðun augna var umritun á munni og kinnum sleppt, í hverju dæmi eru aðeins umritaðir þeir hlutar sem rætt er um hverju sinni. Ýmsar umritunarmerkingar eru notaðar til styttingar á texta og aðgreiningar á hegðun líkama, höfuðs og augna. Tákn eru umrituð með hástöfum en próformasagnir og bendingar með lágstöfum. Nánari útskýringar á umritunarmerkingum sem notaðar verða hér eftir er að finna í viðauka 1.²⁷

²⁶ Sagan af Gýpu var þó aðeins umrituð að hluta. Umrituð dæmi úr öllum sögunum er að finna í texta og í viðaukum 3-5.

²⁷ Það getur reynst erfitt að lesa úr umritun annarra og skilja líkt og um venjulegan ritaðan texta væri að ræða og því getur verið ágætt að byrja á því að lesa yfir útskýringar umritunarmerkinga til að skilja dæmin sem gefin eru til fullnustu.

Dæmi 5.1.1.1. (Búkolla 2003:03:38-03:42)

Augu: uv.....nv.....ynv.....uv.....ynv.....uv.....ynv.....
Höfuð: uv.....nv.....uv.....
Líkami: n.....
Tákn: Bend-uv Bend-c A-pf+hali HÁR Bend-nv Bend-uv Lokað L-pf+taka-hár-úr-hala
Þýðing: Taktu nú hár úr hala mínum

Sýnisdæmið hér að ofan sýnir nákvæmlega hvert táknari horfir og færir líkama sinn og höfuð samtímis táknum. Í þessu dæmi sýnir táknari hlutverkaskipti, hann beygir sig niður í hólfi Búkollu, höfuðið vísar í átt að hólfi drengsins og táknari horfir með augnaráði Búkollu í átt að drengnum (hólfi hans). Þar sem táknari er í hólfi Búkollu þá miðast persónubendingarnar við beina ræðu, þ.e. Bend-uv er 2. persóna í merkingunni *þú/taktu* (drengurinn) en Bend-c er 1. persóna og merkir *ég/mínum* (Búkolla). A-pf. merkir að handform tákna sé líkt og fingrastafurinn A í íslenska fingrastafrófinu og að það sé notað sem próform til að lýsa *hala Búkollu*. Lokað L-pf. er líkast fingrastafrófinu L nema fingurgómar vísifingurs og þumalfingur snertast. Þetta próform er notað fyrir verknaðinn í próformasögninni *að taka hár úr hala Búkollu*. Táknari horfir á hendur sínar samtímis próformasögnum en myndar augnsamband við hólfi drengsins með bendingum í hólfið hans og á nafnorðinu HÁR.

5.2. Staðsetningar og vísanir í táknrými

Bendingar í rými koma fyrir í frásögnunum Búkolla (2003), Sagan af Gýpu (2003) og Átján barna faðir í álfheimum (2003). Svið tákna eru þó misítarleg en allir mynda þeir hólfi fyrir þau vísnið sem vísa þarf aftur í. Sviðið í sögunni Búkolla er afar skýrt og nákvæmt. Í upphafi sögunnar staðsetur táknari sveitabæinn þar sem karl og kerling bjuggu ásamt syni sínum og Búkollu. Í nágrenni við hann staðsetur táknari fjósið og næstu bæi. Allir þeir atburðir sem eiga sér stað á sveitabænum og í nágrenni hans eru miðaðir við staðsetningar á sviði (Búkolla 2003:00:09-00:58²⁸). Sviðið fylgir síðan frásögninni og breytist þegar líður á söguna, til að mynda býr táknari til nýtt svið þegar

²⁸ Heiti sögu, útgáfuár og tímasetning

drengurinn er lagður af stað í leit að Búkollu (Búkolla 2003:01:25-02:37). Þegar táknari hefur staðsett vatnið sem myndast þegar drengurinn leggur hár úr hala Búkollu á jörðina þá segir Búkolla:

Dæmi 5.2.1. (Búkolla-03:51-03:56)

Augu: +...p÷yh..p÷yv..p÷yu.....x+.....x
Höfuð: h.....v.....u.....v.....h.....m.....v.....
Líkami: h.....v.....m.....
Tákn: Bend-h Bend-v Bend-u GETA-EKKI BARA FUGL GETA
Þýðing: Enginn kemst yfir nema fuglinn fljúgandi.

Bendingar táknara eru miðaðar við staðsetningu vatnsins á sviðinu og bendir hann sitthvoru megin við það og yfir það.

Í sögunni Átján barna faðir í álfheimum staðsetur táknari bæinn þar sem konan bjó ásamt syni sínum hægra megin í rýmið og landið þar sem fólkið fer til sláttar vinstra megin. Síðar í sögunni staðsetur táknari vitru konuna á næsta bæ enn lengra til vinstri. Þá endurtekur táknari staðsetningu bæjarins með bendingu og bendir síðan vinstra megin í rýmið til að staðsetja bæ vitru konunnar (sjá dæmi 5.1.1. í viðauka 5). Þar með hefur hann sýnt afstöðu bæjanna og nýtir staðsetningarnar þegar móðir drengsins gengur til vitru konunnar en þá gengur hún frá hægri (frá bænum) til vinstri (í átt að bæ vitru konunnar).²⁹

Hólf sögupersóna eru afar skýr í öllum frásögnunum. Hólfín eru aðeins tvö í öllum sögunum líkt og Padden (1986) telur að séu í ameríska táknmálinu. Sögurnar gefa þó ekki skýra mynd af hólfulum í íslenska táknmálinu því táknarar sýna aðeins samtöl milli tveggja aðila í einu. Hólfín gætu ef til vill verið fleiri ef táknari segir frá fleiri en tveimur sem ræða saman en það þyrfti að rannsaka betur til að geta staðfest það. Þar sem táknari hefur staðsett móður drengsins hægra megin í rýmið með próformasögninni og staðsetningu bæjanna þá er vitra konan í hólfi vinstra megin þegar hún opnar bæjardyrnar og ræðir við móður drengsins (Átján barna faðir í álfheimum 2003:02:13-03:14).

Stærðarhlutföll eru sýnd með hólfulum og augnatilliti í öllum sögum. Í dæminu hér að aftan sjást stærðarhlutföll Gýpu og refsins og aðgreinir táknari hólf sögupersóna greinilega.

²⁹ Það sýnir táknari með próformasögninni vísi-pf.+kona gengur (Átján barna faðir í Álfheimum 2003:02:10-02:12)

Þegar táknnari er í hólfi refsins færir hann líkama sinn aftur á bak og niður og horfir upp á hólfi Gýpu. Þegar hann fer í hlutverk Gýpu færir hann líkama sinn í miðjuna en síðan fram og horfir niður á hólfi refsins.

Dæmi 5.2.2. (Sagan af Gýpu 2003:03:08-03:13)

Augu: u.....xn.....
Höfuð: mu.....n.....
Líkami: na.....m.....f.....
Tákn: Bend-u HEITA HVAÐ / Bend-c HEITA GÝPA
Þýðing: Hvað heitir þú? Ég heiti Gýpa

Hliðstætt dæmi úr Sögunni af Gýpu er að finna í viðauka 3 (dæmi 3.1.4.). Í Búkollu má sjá stærðarhlutföll drengsins og Búkollu (sjá dæmi 4.1.1. í viðauka 4) og í Átján barna faðir í álfheimum stærðarhlutföll móðurinnar og drengsins (sjá dæmi 5.1.2. í viðauka 5).

5.3. Fornafnabendingar ásamt augnatilliti

Þar sem gögnin í þessari rannsókn eru frásagnir en ekki raunveruleg samtöl þá miðast flestar fornafnatilvísanir við sögupersónur en ekki táknnara sjálfan og raunverulega viðmælendur. Það kemur þó fyrir í byrjun sögunnar Átján barna faðir í álfheimum (2003) að táknnari hefur frásögn sína á því að segja að hann ætli að segja áhorfendum söguna.

Dæmi 5.3.1. (Átján barna faðir í álfheimum 2003:00:16-00:19)

Augu: +.....x
Höfuð: m.....w
Líkami: m.....
Tákn: Bend-c _{ÉG}ÚTSKÝRA_{ÞID} Bend-f (í boga) SAGA
Þýðing: Ég ætla að segja ykkur sögu

Táknnari myndar augnsamband við áhorfendur með báðum bendingum í dæminu hér að ofan, bendingunni í átt að sjálfum sér og áhorfendum, auk þess sem sögnin ÚTSKÝRA er áttbeygð úr hólfi táknnara (frumlag-ÉG) í átt að áhorfendum (andlag-ÞID). Annað dæmi um þetta kemur fyrir í sömu sögu þar sem táknnari spyr áhorfendur hvort þeir viti ekki hvað

sleif er (sjá dæmi 5.1.3. í viðauka 5). Framvegis miðast fornafnatilvísanir við sögu-persónur þar sem hvorki sögumenn né áhorfendur eru beinir þátttakendur í frásögnunum sjálfum.

Fornafnatilvísanir eru nokkuð margar í þessum sögum og miðast persónubendingar við sögupersónur frásagnarinnar. Því geta persónufornöfnin *ég, þú, hann/hún/það* í öllum tölum og föllum átt við allar sögupersónurnar í frásögnunum allt eftir því í hvaða hólfi táknari er í hlutverkaskiptum. Dæmi 5.2.2. (bls. 31) sýnir þessa notkun persónufornafna þar sem báðar bendingar eiga við Gýpu, annars vegar Bend-u sem merkir í þessu tilfelli *þú* (Gýpa) og bend-c merkir *ég* (Gýpa).

Þar sem engin raunveruleg vísimið eru í frásögnunum er engar bendivísanir að finna en endurvísanir eru tíðar. Bendingin Bend-v í dæmi 4.1.2 í viðauka 4 er vísun á raðhólf³⁰ en áður hafði táknari talið upp karl, kerlingu og son þeirra og staðsett í raðhólf. Því er nóg fyrir hann að endurvísa í staðsetningu raðhólfsins. Bendingin merkir því *þau* (þrjú).

Bendingin Bend-fh í sama dæmi merkir *hún* og kemur á eftir nafnorðinu KÝR en á undan nafninu B-Ú-K-O-L-L-A, táknari staðsetur kúna í hólf með bendingunni og getur eftir það endurvísað í hana með bendingu á sama hólf. Eins og áður hefur komið fram geta atviksorð verið endurvísanir og bendivísanir í íslensku (Höskuldur Þráinsson 2005:516-519) og er fyrri Bend-f í dæmi 3.1.2. í viðauka 3 sambærileg þessu. Þar sem vísimið (torfbærinn) er ekki á staðnum er bendingin endurvísun og merkir *þar*. Í dæmi 3.1.3. í viðauka 3 má sjá endurvísun sem er sýnd með hólfaskiptum, þ.e. táknari táknar nafnlið og endurvísar í hann með því að fara í hólf nafnliðarins.

Eins og fram hefur komið eru fræðimenn ekki sammála því hvort persónur í táknmálum séu tvær eða þrjár. Engin slík rannsókn hefur verið gerð á íslenska táknmálinu og því verðugt verkefni að skoða það nánar. Spurningunni um hvort 2. og 3. persóna sé aðeins aðgreind í þýðingum eða hvort augnatillit greini þær að í íslenska táknmálinu verður ekki svarað til fullnustu með þessari rannsókn einni saman. Þó má ætla að þau dæmi sem hér verða skýrð gefi einhverja hugmynd um hvernig fornafnatilvísanir eru á íslenska táknmálinu. Eins og áður sagði er aðeins að finna tvö dæmi um persónufornöfn sem eiga við táknara sjálfan og viðmælendur hans í þeim gögnum sem notuð voru við

³⁰ Einnig nefnt raðfingrahólf. Myndað á fingrum óvirku handar, táknari bendir á einn fingur og tileinkar hann einhverri sögupersónu, hann getur síðan vísað í þá sögupersónu með því að benda á fingurinn.

gerð þessarar rannsóknar (5.3.1 bls. 31 og 5.1.3 í viðauka 5). Í báðum þeim dæmum myndar tákni augnsamband við áhorfendur með persónutilvísunum, þ.e. 1. persónufornafninu *ég*, 2. persónufornafninu *þú* og 2. persónu fleirtölufornafninu *þið*. Þegar tákningar eru í hlutverki sögumanns mynda þeir einnig augnasamband við áhorfendur en það vísar ekki til þeirra sjálfra né áhorfenda heldur er það hluti af samskiptareglunni sem áður hefur verið greint frá. Öll önnur dæmi sýna persónufornöfn sem eiga við sögupersónur, því á augnasamband við viðmælanda í samtölum sögupersóna við um augnasamband sögupersóna við hólf annarra sögupersóna.

Í öllum sögum eru dæmi um það sem mætti þýða yfir á íslensk persónufornöfn í 1., 2. og 3. persónu. Enga reglu er að finna milli 2. og 3. persónu fornafna og þess hvert í rýmið tákni bendir, tákni bendir í þá átt sem hann hefur staðsett hólfín og er staðsetning hólfá ekki miðuð við persónubendingar. 1. persónubendingar vísa hins vegar alltaf að líkama tákna og eiga við tákna sjálfan eða sögupersónu í hlutverkaskiptum.

Hvað augnatillit varðar má sjá að með 1. persónubendingum í samtölum sögupersóna líta sögupersónur á hólf þess sem þær tala við en í eintali lítur sögupersóna á áhorfendur, dæmin sýna því öll að augnatillit með persónubendingunni *ég* er augnsamband hvort heldur er við ímyndaðan viðmælanda eða raunverulegan.

Dæmi 5.3.2. (Búkolla 2003:06:00-06:03)

Augu: nh.....x
Tákn: Bend-c+hn GERA HVAÐ
Þýðing: Hvað eigum við að gera?

Í dæminu hér að ofan horfir drengurinn úr sínu hólfí á hólf Búkollu og myndar þannig augnsamband við hana samtímis persónufornafninu *við* (1. pers. tvítala³¹).

Í dæmi 5.1.4. í viðauka 5 myndar tákni augnsamband við áhorfendur með öllum persónutilvísunum. Í Sögunni af Gýpu (2003) hafði tákni staðsett hólf ísbjarnarins sem Gýpa ræddi við fyrir framan sig. Þar af leiðandi er augnsambandið í dæmi 3.1.1. í viðauka 3 í raun við ísbjörninn þó svo tákni myndi augnsamband við áhorfendur.

³¹ Í íslenska táknmálinu er munur á bendingum í tvítölu og fleirtölu, í dæmi 3.1.2. í viðauka 3 er að finna dæmi um fleirtölu (Bend-f (í boga)).

Sjá einnig augnsamband við raunverulegan viðmælanda með 1. persónubendingu í dæmi 5.3.1 (bls. 31).

Í sýnisdæminu 5.1.1.1. (bls. 29) má sjá að táknnari lítur niður með eignarfornafninu *minn*. Tvennt kemur til greina til útskýringa á ósamræmi milli augnatillits með 1. persónu; að munur sé á augnatilliti með persónufornöfnum og eignarfornöfnum eða að hér eigi sér stað samlögun þar sem hólf viðmælanda er uppi en halinn niðri og því sé augnatillitið á fornafninu í raun skipting milli augnatillits upp og niður.

Dæmin sem höfðu að geyma bendingar sem merkja 2. persónu voru ólík og því ekki eins auðvelt að finna reglu í þeim.

Dæmi 5.3.3. (Sagan af Gýpu 2003:05:34-05:36)

Augu: +.....x+.....
Tákn: Í-MORGUN Bend-f BORÐA HVAD
Þýðing: Hvað borðaðir þú í morgun?

Í dæminu hér að ofan myndar táknnari augnsamband við áhorfendur með 2. persónufornafninu *þú* en þar sem hólf Gýpu er á sama stað þá myndar ísbjörninn í raun augnsamband við Gýpu, líkt og í dæmi 3.1.1. í viðauka 3.

Dæmi 5.1.5. í viðauka 5 er ólíkt dæminu hér að ofan því táknnari lítur á áhorfendur með 2. persónubendingu þó svo hólf kvennanna sem ræða saman séu hægra og vinstra megin við táknnara. Þar sem bæði dæmin (5.3.3. hér að ofan og 5.1.5. í viðauka 5) sýna samtalsaðstæður hefði mátt ætla að augnatillitið væri eins í báðum dæmum en svo er ekki.

Í sögunum er að finna fleiri dæmi þess að sögupersóna myndi augnsamband við þann sem hún talar við (sjá 5.2.2. bls. 31). Það er því líklegt að seinna dæmið (5.1.5. í viðauka 5) sé undantekning frá reglunni að mynda augnsamband við þann sem þú talar við því táknnari hafði klárlega sýnt að konurnar væru að tala saman og hefur því eflaust talið óhætt að líta á áhorfendur.

Sögumenn horfa á áhorfendur eða aðra sögupersónu í samtali með 3. persónubendingum. Í dæmi 5.3.4. hér að aftan má sjá að þegar kerling lét fólkið á næstu bæjum vita og þá horfir táknnari til vinstri í átt að hólfí bæjanna miðað við staðsetningu þeirra á sviðinu. Táknnari lítur ekki á vísimiðið (Búkolla) þegar hann endurvísar í það heldur horfir hann áfram til vinstri líkt og konan sé að segja sveitungunum frá burði kýrinnar.

Dæmi 5.3.4. (Búkolla 2003:00:51-00:52)

Augu: v.....
Tákn: HÚNLÁTA-VITA_{PAU} Bend-h FÆÐA
Þýðing: Kerling lét alla í sveitinni vita að kýrin hefði borið

Í dæmi 3.1.2. í viðauka 3 heldur táknari augnsambandi við áhorfendur allan tímann og er augnatillit með bendingum engin undantekning. Í dæmi 5.1.6. í viðauka 5 myndar táknari augnsamband við áhorfendur bæði þegar hann staðsetur konuna í hólfi og þegar hann endurvísar í hana með bendingu í hólfið. Hann horfir niður til vinstri þegar hann staðsetur strákin í hólfi en í bæði skiptin sem hann endurvísar í hann þá myndar hann augnsamband við áhorfendur.

Af þessari athugun á fornafnatilvísunum í íslenska táknmálinu má sjá að niðurstöður hennar líkjast niðurstöðum rannsóknar Meier (1990) og Engberg-Pedersen (1995) á persónum í ameríska og danska táknmálinu. Þ.e.a.s. að enginn munur sé á 2. og 3. persónu, hvorki hvað bendingarnar sjálfar né augnatillitið varðar. Því væri hægt að skeyta 2. og 3. persónu saman og kalla *ekki-1. persónu*. Af þessu má einnig sjá að eini munurinn á 1. persónu og ekki-1. persónu er áttin sem bent er í, þ.e. með 1. persónubendingu bendir táknari á líkama sinn en með ekki-1. persónu bendir hann í rýmið. Þetta er ólíkt niðurstöðum Metzger (1998) en hún segir að í ameríska táknmálinu horfi táknari ekki á viðmælanda sinn með 1. persónufornafni og því sé hægt að bendivísa með augnatilliti einu saman. Þar sem bendivísanir eru engar í gögnum þessarar rannsóknar er ekki hægt að færa sönnur fyrir því hvort augnatillitið geti gegnt því hlutverki. Augnatillitið er þó eins með öllum persónum og því liggur ekki fyrir sá munur sem Metzger hefur til grundvallar niðurstöðum sínum. Dæmin sýna að táknarar horfa alltaf á viðmælanda, hvort sem hann er raunverulegur eða ímyndaður, með 1. persónu-fornafni.

Samkvæmt þessum niðurstöðum teljast því rök Liddell (2003:24) lýsa þessu afar vel; bending í rými í átt að vísimiði er ekki-1. persónufornafn, ef vísimiðið er viðmælandi þá þýðir bendingin *þú*, ef vísimiðið er ekki viðmælandi þá þýðir bendingin *hann/hún/það*. Þetta er því aðeins spurning um þýðingu á fornfornunum en ekki bendinguna sjálfa eða augnatillitið sem fylgir. Þessu mætti því líkja við kyn vísimiða en þar er aðeins gerður greinarmunur í þýðingu, ekki með bendingunni sjálfri (Liddell 2003:24).

Dæmin í þessari rannsókn eru þó ekki nægilega mörg og tákningar of fáir til að slá þessu föstu en þar sem þessi dæmi er að finna í sögum þá rennir það stoðum undir þá kenningu að persónur séu aðeins tvær í íslenska táknmálinu.

5.4. Augnatillit sem bending

Í sögunum Búkolla (2003) og Átján barna faðir í álfheimum (2003) er að finna dæmi þess að tákningar bendi með augunum einum saman, bæði til að staðsetja vísimið í hólf og til að endurvísa í þau. Í sögunni Átján barna faðir í álfheimum notar tákni augun til að staðsetja vísimið (drenginn) í hólf og endurvísar síðan í vísimiðið með bendingu með vísifingri (5.1.6 í viðauka 5). Í dæminu úr sögunni Búkolla hér að neðan staðsetur tákni vísimið með því að horfa á hólf drengsins á undan venjulegri sögn og í framhaldinu áttbeygir hann sagnir í hólf hans.

Dæmi 5.4.1. (Búkolla 2003:01:10-01:13)

Augu: +.....xnv.....
Höfuð: m.....v.....nv.....
Líkami: um...m.....h.....
Tákn: FÁ-HUGMYND SKIPA Bend-nv STRÁKUR_{ÞAU}GEFA_{HANN} NÝR SKÓR
Þýðing: Þau fengu þá hugmynd að senda drenginn af stað, þau létu hann hafa nýja skó

Í sögunni Átján barna faðir í álfheimum er að finna augnatillit sem gegnir hlutverki persónutilvísunar. Í eftirfarandi dæmi bendir tákni með augunum eftir að hafa staðsett drenginn í hólf niður til hægri fyrr í sögunni þá notar hann augnatillitið sem persónutilvísun.

Dæmi 5.4.2. (Átján barna faðir í álfheimum 2003:01:04-01:07)

Augu: +...nh...+.....nh.....
Höfuð: h.....
Líkami: v.....
Tákn: STRÁKUR Bogið V-pf. + strákur-situr LEIKA
Þýðing: Strákurinn (hann) sat og lék sér

Táknari myndar fyrst augnsamband við áhorfendur með nafnorðinu strákur, lítur síðan snögg í hólfi hans en myndar aftur augnasamband í lok nafnorðsins, samtímis próformasögninni lítur hann síðan aftur í hólfi drengsins og helst það augnatillit út setninguna. Það augnatillit er persónutilvísun því þannig sýnir táknari að próformasögnin og sögnin LEIKA eiga við um drenginn.

Þau dæmi sem fundust í sögunum Búkolla (2003) og Átján barna faðir í álfheimum (2003) samræmast kenningum erlendra fræðimanna um bendingar með augum. Engberg-Pedersen (1999:2-4) segir að hin dæmigerða bending með augunum í átt að hólfi birtist með nafnorði, fornafni eða rétt á undan umsagnarlið líkt og dæmin hér að ofan sýna. Baker & Padden (1978:28) telja að í ameríska táknmálinu gegni augnatillit í átt að vísi-miði í rými hlutverki fornafnatilvísunar og má sjá það í dæmi 5.4.2. á bls. 36.

5.5. Augnatillit í hlutverkaskiptum

Hlutverkaskipti í Sögunni af Gýpu eru tíð þar sem sögumaður skiptir oft úr hlutverki sögumanns yfir í hlutverk aðalsögupersónunnar Gýpu, sem og annarra persóna í sögunni. Bæði kenning Bahan & Supalla (1995) og Engberg-Pedersen (2003) eiga vel við hlutverkaskiptin í þessari sögu. Þegar táknari er í hlutverki sögumanns horfir hann á áhorfendur og heldur því augnsambandi meðan á frásögn sögumanns stendur. Ýmis dæmi eru um þetta í sögunni þar sem sögumaður er að lýsa sviði frásagnar eða að minna á sögupersónur. Í dæmi 3.1.2 í viðauka 3 heldur sögumaður augnsambandi við áhorfendur þegar hann lýsir sviði frásagnar í byrjun frásagnar þar sem persónur eru kynntar til sögunnar. Í dæmi 3.1.3. í viðauka 3 má sjá þegar sögumaður minnir á aðalsögupersónuna Gýpu og horfir á áhorfendur til að sýna að hann er í hlutverki sögumanns en ekki í hlutverki Gýpu. Í beinu framhaldi verða hlutverkaskipti en þá fer sögumaður í hlutverk Gýpu sem klappar sér á maga. Hlutverkaskiptin eru sýnd með því að táknari lítur frá áhorfendum og sýnir augnaráð Gýpu og lítur upp á við. Þetta styður kenningar Bahan & Supalla (1995:178) og Engberg-Pedersen (2003) því samkvæmt þeim fer táknari úr hlutverki sögumanns og í hlutverk sögupersónu ef hann lítur frá áhorfendum. Engberg-Pedersen lítur hins vegar svo á að þetta sé aðeins önnur leiðin af tveimur mögulegum, þ.e. táknari sýnir augnaráð persónu en lítur ekki fyrst í átt að hólfi hennar (Engberg-Pedersen

2003:284-285). Ekkert dæmi fannst í gögnunum þar sem tákni lítur fyrst í átt að hólf sögupersónu áður en hann fer í hlutverk hennar. Aðeins fundust dæmi þess að sögupersóna horfi í hólf þess sem hún ræðir við áður en tákni fer í hólf hennar. Það útilokar þó ekki að slíkt dæmi finnist í öðrum gögnum.

Allmörg dæmi eru um það þegar tákni sýnir augnaráð sögupersónu og frásögnin er út frá sjónarhorni þeirrar persónu. Í sögunni hittir Gýpa bæði dýr og menn og er frásögn tákna á þeim aðstæðum mjög líflæg. Tákni sýnir ýmis konar samtalsaðstæður þar sem tákni fer í hlutverk persónanna. Augnaráð sögupersóna er greinilegt þegar refur verður á vegi Gýpu, en þá sýnir tákni það með stærðarhlutföllum persónanna og horfir niður þegar sagan er sögð frá sjónarhorni Gýpu en horfir upp og færir líkama niður þegar sagan er sögð frá sjónarhorni refsins (dæmi 5.2.2. á bls. 31 og 3.1.4. í viðauka 3, sjá einnig dæmi 5.3.3. bls. 34). Í dæmi 3.1.4 í viðauka 3 horfir tákni þó á áhorfendur þegar hann hefur lokið því að sýna hlutverk refsins með því að líta upp. Tákni hefur staðfest hólf refsins og líkama hans er enn í hólf hans og telur tákni því óhætt að líta fram án þess að fara úr hlutverki refsins. Þetta dæmi og fleiri svipuð samræmast kenningu Bahan & Supalla (1995) um samtalsaðstæður í frásögnum að mestu leyti, þ.e. sögumaður færir sig í hólf annarrar persónunnar og horfir á ímyndað hólf hinnar, síðan færir sögumaður sig í hólf þeirrar seinni. Það sem greinir á milli kenningar Bahan & Supalla og augnatillits í sögunni er að tákni horfir ekki í hólf þeirrar fyrri heldur á áhorfendur (sjá einnig dæmi 5.1.5. í viðauka 5). Hér gæti þó verið á ferðinni einhvers konar viðbót við kenningu Bahan & Supalla þegar rætt er um augnatillit í íslenska táknmálinu. Sú viðbót væri að sögumaður geti litið í átt að áhorfendum eftir að hann hefur fullvissað þá um að hlutverkaskipti hafi átt sér stað og séu enn til staðar. Þetta krefst þó mun ýtarlegri rannsókna til að hægt sé að leggja þetta fram sem fullsannaða reglu. Í sögunum Búkolla (2003) og Átján barna faðir í álfheimum (2003) er að finna nokkur dæmi þar sem tákni horfir á hendur sínar og dregur athygli áhorfenda að því formi sem hann myndar eða verknaðinum sjálfum. Kenningar Bahan & Supalla (1995) og Engberg-Pedersen (2003) eru svipaðar hvað þetta varðar en Engberg-Pedersen segir að tákni geti einnig litið framhjá höndum sínum og horft á það sem hann myndar í ímyndaðu rými (Engberg-Pedersen 2003:284-285).

Dæmi 5.5.1. (Átján barna faðir í álfheimum 2003:04:09-04:11)

Augu: yn.....+.....
Tákn: 2xBogið B-pf + pottur Vísi-pf + sleif-með-löngu-skafti-upp-úr-pottinum
Þýðing: Upp úr pottinum stóð sleif með löngu skafti

Dæmið hér að ofan sýnir að táknnari horfir á hendur sínar á meðan hann lýsir því hvernig sleifin stendur langt upp úr pottinum. Hann horfir á vísifingurinn sem er próform fyrir sleifarskaftið sem um ræðir. Næsta dæmi sýnir hins vegar einnig það sem Engberg-Pedersen (2003) kallar að horfa framhjá höndum sínum á það sem táknnari myndar í ímynduðu rými. Táknnari horfir á svæðið í rýminu þar sem vatnið myndast en ekki á hendur sínar. Þegar hann sýnir breidd vatnsins horfir hann hins vegar á höndina sem hann staðsetur lengra frá líkama sínum.

Dæmi 5.5.2. (Búkolla 2003:03:46-03:51)

Augu: p÷n.....p÷hn.....p÷ymf.....
Tákn: VATN 5-pf + vatn-á-stóru-svæði 2xB-pf + gífurleg-breidd-vatnsins
Þýðing: Vatnið náði yfir stórt svæði og var gífurlega breitt

Dæmi 4.1.3. í viðauka 4 samrýmist einnig seinni hluta kenningar Engberg-Pedersen (2003) þar sem táknnari horfir niður þegar hann stingur nesti sínu í vasann. Hann horfir þó ekki beint á hendur sínar heldur dregur hann athygli áhorfenda að verknaðinum sjálfum. Því mætti ætla að kenning Engberg-Pedersen (2003) ætti fremur við íslenskt táknmál en kenning Bahan & Supalla (1995) þar sem táknnarar geta litið á hendur sínar og framhjá þeim, jafnvel í sömu setningu.

6. Umræða um niðurstöður

Þó svo rannsóknir fræðimanna séu yfirleitt miðaðar við eitt táknmál útilokar það ekki að sömu niðurstöður geti átt við önnur táknmál. Þessi rannsókn sýnir fram á að augnatillit með fornafnatilvísunum og í hlutverkaskiptum í íslenska táknmálinu svipar einna helst til sömu þátta í danska táknmálinu.

Vísanir í íslenska táknmálinu sýna ekki kyn vísimiða, en þannig er það líka í mörgum erlendum táknmálum en erlenda fræðimenn greinir á um hvort vísanir sýni persónu vísimiða. Af rannsókninni hér að ofan að dæma mætti ætla að persónur í íslenska táknmálinu séu aðeins tvær. Það eina sem greinir persónur að er bendingin sjálf, 1. persónubending er í átt að c-hólfi en 2. og 3. persónubendingar út í rýmið. Þar sem tákningar eru ekki hluti af frásögnunum vísa flestar fornafnabendingar í sögupersónur og ímyndaða viðmælendur. Þó fundust tvö dæmi þar sem einn tákningaranna vísar í sjálfan sig og raunverulega viðmælendur og því var hægt að skoða augnatillit með 1. og 2. persónubendingum, bæði í átt að raunverulegum viðmælendum og ímynduðum. Í ljós kom að augnatillitið er eins í öllum persónum, þ.e. táknavar myndar ávallt augnsamband við viðmælendur sína, raunverulega eða ímyndaða. Þessum niðurstöðum svipar til kenninga Meier (1990) um ameríska táknmálið og Engberg-Pedersen (1995) um danska táknmálið. Þar sem engin vísimið voru á staðnum þegar tákningar fluttu sögur sínar eru engar bendivísanir í frásögnunum. Metzger (1998) taldi að hægt væri að bendivísa með augunum einum saman því tákningar horfðu ekki á raunverulegan viðmælenda með 1. persónufornafninu *ég* en í gögnum þessarar rannsóknar myndar táknavar augnsamband við raunverulegan viðmælenda með 1. persónufornafninu *ég*. Því mætti ætla að í íslenska táknmálinu væri ekki hægt að bendivísa með augnatillitinu einu saman. Í sögunum eru endurvísanir nokkrar og svipar þeim til endurvísana í íslensku og í danska táknmálinu. Tákningar geta bent með augnatillitinu einu saman í íslenska táknmálinu, þannig geta þeir staðsett vísimið í hólf og endurvísað í þau og getur augnatillitið því gegnt hlutverki fornafnatilvísunar. Þetta samræmist kenningum Engberg-Pedersen (1995 og 1999), Baker & Padden (1978) og Baker-Shenk & Cokely (1981). Engberg-Pedersen (1999) telur upp í umhverfi hvaða málfræðiatríða augnatillit kemur fyrir sem bending.

Dæmin úr rannsókninni hér að ofan sýna að bendingar með augnatilliti í íslenska táknmálinu koma fyrir í sama umhverfi.

Gögn rannsóknarinnar sýna að augnatilliti í hlutverkaskiptum í íslenska táknmálinu sé hægt að skipta í fjóra hluta;

1. Táknari heldur augnsambandi við áhorfendur til að halda hlutverki sínu sem sögumaður.
2. Táknari sýnir augnaráð persónu, bæði með stærðarhlutföllum í hólfum og með því að rjúfa augnsamband við viðmælendur. Táknari getur þó litið á áhorfendur ef hann er kominn það langt inn í hlutverkið að augljóst er að hann er ennþá í hlutverki sögupersónu.
3. Táknari lítur á hendur sínar og dregur athygli áhorfenda að formi eða frásögninni sjálfri.
4. Táknari lítur framhjá höndum sínum til að beina sjónum áhorfenda að því sem hendur hans mynda.

Bahan & Supalla (1995) skiptu augnatilliti í hlutverkaskiptum í þrjá hluta í ameríska táknmálinu og Engberg-Pedersen (2003) í fimm hluta í danska táknmálinu. Engberg-Pedersen nefnir alla þá fjóra hluta sem nefndir hafa verið hér að ofan auk þess að táknari geti litið í átt að hólfi persónu áður en hann fer í hlutverk hennar. Ekkert dæmi um slíkt fannst í gögnum þessarar rannsóknar en það útilokar þó ekki að hægt sé að finna það í öðrum gögnum. Bahan & Supalla telja að hlutar 1-3 hér að ofan eigi við ameríska táknmálið og samsvara því niðurstöður þessarar rannsóknar betur kenningu Engberg-Pedersen um augnatillit í hlutverkaskiptum í danska táknmálinu. Eitt atriði sem er að finna í íslenska táknmálinu kemur ekki fram í kenningum þeirra; táknari getur litið á áhorfendur ef hann er kominn það langt inn í hlutverkið að augljóst er að hann er ennþá í hlutverki sögupersónu. Ýmis dæmi í kafla 5.5. sýna slíka breytingu á augnatilliti. Ef til vill hafa Bahan & Supalla og Engberg-Pedersen ekki gefið þessu gaum í rannsóknnum sínum en þetta gæti þó hugsanlega verið einstakt fyrir augnatillit í hlutverkaskiptum í íslenska táknmálinum eða jafnvel svipað til annarra táknmála en þess danska og hins ameríska.

Þar sem þessi rannsókn er aðeins byggð á frásögnum þriggja kvenkyns tákna er ljóst að frekari rannsókna er þörf. Til að fá marktækar niðurstöður þyrfti rannsóknin að vera umfangsmeiri og tákna mun fleiri. Einnig þyrfti að hafa jafnan hlut kvenkyns og karlkyns tákna sem og breitt aldursbil. Rannsóknin gefur þó ágæta mynd af því hvernig augnatilliti með fornaftilvísunum og í hlutverkaskiptum er háttað í íslenska táknmálinu.

Lokaorð

Tilgangur þessara skrifa er ekki að setja fram einhverjar fullsannaðar reglur um málfræði íslenska tákn málsins. Til þess þyrfti einnig að rannsaka augnatillit í samtölum og þar sem vísimið eru í raunverulegu rými. Erlendar rannsóknir gefa þó byr undir báða vængi þegar hafist er handa við slíka rannsókn. Sá sem hefur tákn málið að móðurmáli er best til þess fallinn að rannsaka málið sitt og vonandi mun einhver úr samfélagi heyrnarlausra sem og aðrir áhugasamir sjá sér fært að halda áfram rannsóknum á augnatilliti í íslenska táknmálinu.

Heimildaskrá

- Ahlgren, Inger. 1990. Deictic Pronouns in Swedish and Swedish Sign Language. Í S.D. Fischer & P. Siple. Ritstj. *Theoretical Issues in Sign Language Research, Vol 1: Linguistics*. Chicago: The University of Chicago Press, bls. 167-174.
- Árni Böðvarsson. 1996. *Íslensk orðabók*. Mál og menning, Reykjavík.
- Bahan, Benjamin J., Samuel J. Supalla. 1995. Line Segmentation and Narrative Structure: A Study of Eyegaze Behaviour in American Sign Language. Í K. Emmorey & J. Reilly. Ritstj. *Language, Gesture, and Space*. Hillsdale, N.J.: Lawrence Erlbaum Associates, bls. 171-191.
- Baker, Charlotte & Carol A. Padden. 1978. Focusing on the Nonmanual Components of American Sign Language. Í P. Siple. Ritstj. *Understanding language through sign language research. (Perspectives in Neurolinguistics and Psycholinguistics.)* New York, San Fransisco, London: Academic Press, bls. 27-57.
- Baker-Shenk, Charlotte & Dennis Cokely. 1981. *American Sign Language: A Teacher's Resource Text on Grammar and Gestures*. 2. útg. Gallaudet University Press, Washington D.C.
- Bergman, Brita & Lars Wallin. 2003. Noun and Verbal Classifiers in Swedish Sign Language. Í K. Emmorey. Ritstj. 2003. *Perspectives on Classifier Constructions in Sign Languages*. London: Lawrence Erlbaum Associates, bls. 35-51.
- Engberg-Pedersen, Elisabeth. 1990. Pragmatics of Nonmanual Behaviour in Danish Sign Language. Í W. H. Edmondson & F. Karlsson. Ritstj. *SLR '87: Papers from The Fourth International Symposium on Sign Language Research*. Hamburg: SIGNUM-Press, bls. 62-73.
- Engberg-Pedersen, Elisabeth. 1993. *Space in Danish Sign Language: The semantics and morphosyntax of the use of space in a visual language*. SIGNUM-Verlag, Hamburg.
- Engberg-Pedersen, Elisabeth. 1995. Point of View Expressed Through Shifters. Í K. Emmorey & J. Reilly. Ritstj. *Language, Gesture, and Space*. Hillsdale, N.J.: Lawrence Erlbaum Associates, bls. 133-154.
- Engberg-Pedersen, Elisabeth. 1999. *Eye gaze in Danish Sign Language monologues: Forms, functions, notation issues*. Efni kynnt og flutt á 3. Intersign Workshop. Síena 12-15 mars. Sótt 20. febrúar af vefslóðinni <http://www.sign-lang.uni-hamburg.de/Intersign/Workshop3/EngbergPedersen.html>.

- Engberg-Pedersen, Elisabeth. 2003. From Pointing to Reference and Predication: Pointing Signs, Eyegaze and Head and Body Orientation on Danish Sign Language. Í S. Kita. Ritstj. *Pointing: where language, culture and cognition meet*. Mahwah, N.J.: Lawrence Erlbaum Associates, bls. 269-292.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Íslensk tunga III: Handbók um setningafræði*. Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir & Þórunn Blöndal. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Jón Hilmar Jónsson. 2001. *Orðastaður: Orðabók um íslenska málnotkun*. JPV Útgáfa, Reykjavík.
- Jón Hilmar Jónsson. 2002. *Orðaheimur: Íslensk hugtakaorðabók með orða- og orðasambandaskrá*. JPV Útgáfa, Reykjavík.
- Lentz, Ella Mae. 1986. Strategies for teaching verbs and role-shifting. Í C. Padden. Ritstj. *Proceedings of the Fourth National Symposium on Sign Language Research and Training: January 27 - February 1*. Silver Spring: NAD, bls. 58-69.
- Liddell, Scott K. 1995. Real Surrogate, and Token Space: Grammatical Consequences in ASL. Í K. Emmorey & J. Reilly. Ritstj. *Language, Gesture, and Space*. Hillsdale, N.J.: Lawrence Erlbaum Associates, bls. 19-41.
- Liddell, Scott K. 2003. *Grammar, Gesture, and Meaning in American Sign Language*. University Press, Cambridge.
- Lillo-Martin, Diane. 1995. Point of View Predicate in American Sign Language. Í K. Emmorey & J. Reilly. Ritstj. *Language, Gesture, and Space*. Hillsdale, N.J.: Lawrence Erlbaum Associates, bls. 155-170.
- Lillo-Martin, Diane & Edward S. Klima. 1990. Pointing Out Differences: ASL Pronouns in Syntactic Theory. Í S.D. Fischer & P. Siple. Ritstj. *Theoretical Issues in Sign Language Research, Vol 1: Linguistics*. Chicago: The University of Chicago Press, bls. 191-210.
- Luciano, Jason M. 2001. Revisiting Patterson's Paradigm: Gaze Behaviour in Deaf Communication. *American Annals of the Deaf*, 146:1, bls. 39-44.
- Martinez, Liza B. 1995. Turn-taking and Eye Gaze in Sign: Conversations Between Deaf Filipinos. Í C. Lucas. Ritstj. *Sociolinguistics in Deaf Communities*. Washington DC.: Gallaudet University Press, bls. 272-306.

- Mather, Susan & Elizabeth A. Winston. 1998. Spatial Mapping and Involvement in ASL Storytelling. Í C. Lucas. Ritstj. *Pinky Extension and Eye Gaze: Language Use in Deaf Communities*. Washington D.C.: Gallaudet University Press, bls. 183-210.
- Matthías Magnússon. 2003. *Tölvuorðabók: ensk-íslensk, íslensk-ensk*. Útg. 6.0a. Mál og menning, Reykjavík [Margmiðlunardiskur.]
- Meier, Richard P. 1990. Person Deixis in American Sign Language. Í S.D. Fischer & P. Siple. Ritstj. *Theoretical Issues in Sign Language Research, Vol 1: Linguistics*. Chicago: The University of Chicago Press, bls. 175-190.
- Metzger, Melanie. 1998. Eye Gaze and Pronominal Reference in American Sign Language. Í C. Lucas. Ritstj. *Pinky Extension and Eye Gaze: Language Use in Deaf Communities*. Washington D.C.: Gallaudet University Press, bls. 170-182.
- Neidle, Carol, Judy Kegl, Dawn MacLaughlin, Benjamin Bahan, Robert G. Lee. 2000. *The Syntax of American Sign Language: Functional Categories and Hierarchical Structure*. The MIT Press, Cambridge.
- Padden, Carol. 1986. Verbs and Role-Shifting in American Sign Language. Í C. Padden. Ritstj. *Proceedings of the Fourth National Symposium in Sign Language Research and Teaching*. Silver Spring: NAD, bls. 44-57.
- Padden, Carol. 1990. The Relation Between Space and Grammar in ASL Verb Morphology. Í C. Lucas. Ritstj. *Sign Language Research: Theoretical Issues*. Washington D.C.: Gallaudet University Press, bls. 118-132.
- Poulin, Christine & Christopher Miller. 1995. On Narrative Discourse and Point of View in Quebec Sign Language. Í K. Emmorey & J. Reilly. Ritstj. *Language, Gesture, and Space*. Hillsdale, N.J.: Lawrence Erlbaum Associates, bls. 117-131.
- Rannveig Sverrisdóttir. 2005a. „Táknmál-tungumál heyrnarlausra.“ *Málfríður* 1:14-18.
- _____. 2005b. Glósur úr kennslustund í Málfræði táknmáls II 05.10.08, 8. nóvember. Háskóli Íslands. Glósur: Kristín Lena Þorvaldsdóttir.
- _____. 2005c. Glósur úr kennslustund í Málfræði táknmáls Ib 05.10.05, 1. febrúar. Háskóli Íslands. Glósur: Kristín Lena Þorvaldsdóttir.
- Rannveig Sverrisdóttir. 2006. Glósur úr kennslustund í Málfræði táknmáls III 05.10.12, 12. janúar. Háskóli Íslands. Glósur: Kristín Lena Þorvaldsdóttir.
- Rayman, Jennifer. 1999. Storytelling in the Visual Mode: A Comparison of ASL and English. Í E. Winston. Ritstj. *Storytelling and Conversation: Discourse in Deaf Communities*. Washington DC.: Gallaudet University Press, bls.59-82.

- Sutton-Spence, Rachel & Bencie Woll. 2004. *The Linguistics of British Sign Language: An Introduction*. 2. útg. University Press, Cambridge.
- Valli, Clayton & Ceil Lucas. 2000. *Linguistics of American Sign Language: An Introduction*. 3. útg. Gallaudet University Press, Washington D.C.
- Vogt-Svendsen, Marit. 1990. Eye Gaze in Norwegian Sign Language Interrogatives. Í W. H. Edmondson & F. Karlsson. Ritstj. *SLR '87: Papers from The Fourth International Symposium on Sign Language Research*. Hamburg: SIGNUM-Press, bls. 153-162.
- Wilbur, Ronnie. 1994. Eyeblinks & ASL Phrase Structure. *Sign Language Studies*, 23:84, bls. 221-240.
- Winston, Elizabeth. 1995. Spatial Mapping in Comparative Discourse Frames. Í K. Emmorey & J. Reilly. Ritstj. *Language, Gesture, and Space*. Hillsdale, N.J.: Lawrence Erlbaum Associates, bls. 87-114.

Myndefni

- Átján barna faðir í álfheimum. 2003. Táknari: Sólrún Birna Snæbjörnsdóttir. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.
- Búkolla. 2003. Táknari: Elsa Guðbjörg Björnsdóttir. *Barnasögur*. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.
- Sagan af Gýpu. 2003. Táknari: Júlía Guðný Hreinsdóttir. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.


Viðauki 1

1.1. Umritunartákn

Tákn	Skýring
...	Áframhaldandi
/	Skil milli setninga
+	Augnsamband við áhorfendur
÷	Höfuð hrist
A	Aftur
Bend	Bending
C	Hólf táknara
ÉG ÚTSKÝRA ÞÚ	Frumlag áttbeygðra sagna er fyrir framan sögnina og andlag fyrir aftan
F	Fram
GETA-EKKI	Setning eða orð sem eru eitt tákn eru rituð með bandstriki
G-Ý-P-A	Fingrastöfuð orð eru skráð með bandstriki milli fingrastafa
H	Hægri
M	Miðja
N	Niður
p+	Pírð augu og augnsamband
p÷	Pírð augu án augnsambands
Pf	Próform
pf+	Próformasögn
Taka-í-sundur	Orð til útskýringar á próformasögn
TÁKN	Tákn eru glósuð með hástöfum, fallorð í nf. og sagnorð í nh. (nema próformasagnir)
U	Upp
V	Vinstri
W	Kink
X	Blikk
Y	Horft á hendur


Viðauki 2

Mynd. 2.1.



Dómkirkjan er á vinstri hönd tákna og Alþingishúsið á hægri hönd og staðsetur hann húsinn þannig á sviðið.

Mynd 2.2.



Ef tákna segir frá því að hann hafi gengið inn í kirkjuna þá sýnir hann hvernig hann gengur að henni, e.t.v. með próformasögn. Þá hefur hann snúið sviðinu og kirkjan er staðsett fyrir framan hann í táknryminu og Alþingishúsið er það staðsett fyrir aftan hann.

Viðauki 3

3.1. Umrituð dæmi úr Sögunni af Gýpu (2003)

Dæmi 3.1.1. Tími 05:45-05:47

Augu: +.....x
Tákn: Bend-c BORÐA HVAÐ
Þýðing: Hvað borðaði ég?

Dæmi 3.1.2. Tími 00:12-00:28

Augu: +.....x+.....x+.....
Tákn: 2xB-pf + torfbær MAÐUR KONA Bend-f / Bend-v (vísi-hf) EIGA DÓTTIR

Augu: +.....x.....x
Tákn: G-Ý-P-A GÝPA (nafnatákn) Bend-h EINKENNI MIKIÐ 2xgogg-pf+borða mikið

Augu: +.....x+.....
Tákn: / Bend-f (í boga) EIGA KÝR
Þýðing: Á torfbænum bjuggu karl og kerling, þau áttu eina dóttur sem hét Gýpa, hún borðaði óskaplega mikið. Þau þrjú áttu einnig eina kú.

Dæmi 3.1.3. Tími 02:28-02:32

Augu: +.....up÷.....
Tákn: GÝPA / (klappar sér á maga)
Þýðing: Gýpa klappar sér á maga

Dæmi 3.1.4. Tími 02:52-02:58

Augu: n.....uv.....+.....
Höfuð: mf.....uv.....
Líkami: mf.....nh.....
Tákn: HÆ Bend-f HEITA HVAÐ / Bend-c HEITA REFUR
Þýðing: Hæ, hvað heitir þú? Ég heiti refur

Viðauki 4

4.1. Umrituð dæmi úr sögunni Búkolla (2003)

Dæmi 4.1.1. Tími 03:34-03:42

Augu: nh.....xuv.....nv.....
Höfuð: nh.....uv.....nv.....
Líkami: v.....n.....
Tákn: SPYRJA Bend-c+hn GERA HVAÐ / BÍÐA Bend-uv Bend-c

Augu: ynv.....uv.....ynv.....uv.....ynv.....
Höfuð: nv.....uv.....
Líkami: n.....
Tákn: A-pf+hali HÁR Bend-nv Bend-uv Lokað L-pf+taka-hár-úr-hala
Þýðing: Hvað eigum við að gera? Taktu nú hár úr hala mínum

Dæmi 4.1.2. Tími 00:26-00:30

Augu: +.....x
Höfuð: m.....h.....n
Líkami: m.....h.....m
Tákn: Bend-v (raðhólf) EIGA EINN KÝR Bend-fh B-Ú-K-O-L-L-A
Þýðing: Þau áttu eina kú, hún hét Búkolla.

Dæmi 4.1.3. Tími 01:25-01:31

Augu: x+.....nh.....+.....p+.....
Höfuð: mu.....nh.....um.....
Líkami: m.....
Tákn: STRÁKUR 2xB-pf + setja-nesti-í-vasa Bogið V-pf + labba-lengi
Þýðing: Drengurinn tók nesti sitt og gekk af stað og gekk lengi lengi.

Viðauki 5

5.1. Umrituð dæmi úr sögunni *Átján barna faðir í álfheimum* (2003)

Dæmi 5.1.1. Tími 02:00-02:05

Augu: h.....+.....
Höfuð: m.....
Líkami: m.....
Tákn: 2xB-pf+torfbær Bend-h RÉTT-HJÁ Bend-v VERA

Augu: +.....x+....
Höfuð: m.....
Líkami: m.....
Tákn: GÁFAÐUR KONA HEIMA Bend-v
Þýðing: Á næsta bæ bjó margfróð kona

Dæmi 5.1.2. Tími 04:14-04:16

Augu: hn+.....hn.....
Höfuð: h.....
Líkami: h...v.....
Tákn: STRÁKUR KOMA LEIKA
Þýðing: Móðirin sagði við drenginn: „Komdu að leika.“

Dæmi 5.1.3. Tími 03:50-03:55

Augu: +.....yn.....+.....wn.....p+.....
Tákn: LÍTILL 2xB-pf + lítill-pottur POTTUR Bend-n A-pf + sleif VITA

Augu: n.....
Tákn: A-pf + hræra-í-potti-með-sleif
Þýðing: Pottur og í honum var sleif, þið vitið, sem maður notar til að hræra í potti

Dæmi 5.1.4. Tími 02:06-02:09

Augu: v+.....x+.....n..x
Tákn: Bend-c VISS-UM Bend-v GETA HÚNHJÁLPAÉG Bend-c
Þýðing: Ég er viss um að hún getur hjálpað mér

Dæmi 5.1.5. Tími 03:10-03:14

Augu: +.....x+.....n.....+.....n
Tákn: Bend-h ÞURFA Bend-h BÚA-TIL EITTHVAÐ ATHYGLISVERT
Pýðing: Þú þarft að búa til eitthvað sem vekur athygli

Dæmi 5.1.6. Tími 00:49-00:56

Augu: +.....x+.....nv.....+.....n
Tákn: Bend-h KONA HEIMA Bend-h EIGA EINN STRÁKUR 3-ÁRA 4-ÁRA

Augu: n...+.....x+.....x
Tákn: Bend-nv / Bend-nv GÁFAÐUR
Pýðing: Kona ein var ein eftir heima á bænum ásamt drengnum sínum sem var á 3. eða 4. aldursári, hann var fluggáfaður.